

Bliki

16

DESEMBER 1995

TIMARIT UM FUGLA





BLIKI er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími: 562 9822. Bréfasími: 562 0815. Tölvupóstur: bliki@nattfs.is.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.

Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / BLIKI
Filmugerð og litgreining: Prentþjónustan hf.
Prentun og bókband: GBen-Edda prentstofa hf.

© 1995 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:
Smyrill í tré á Húsavík.
19. mars 1995.
Ljós. Ríkarður Ríkarðsson.

BLIKI is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Jóhann Óli Hilmarsson.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Um lífshætti smyrils

Inngangur

Samhliða rannsóknum á fálka *Falco rusticolus* og rjúpu *Lagopus mutus* á árunum 1981 til 1985 gafst mér tækifæri til að kanna ýmsa þætti í vistfræði smyrils *Falco columbarius* (Ólafur K. Nielsen 1986). Litlar rannsóknir höfðu verið gerðar á lífsháttum slenska smyrilsins áður. Það helsta voru rannsóknir Sven-Axels Bengtsonar (1975) á sumarfæðu smyrila við Mývatn, og einnig var til samantekt um endurheimtur íslenskra smyrila á Bretlandseyjum (Mead 1973; sjá einnig Heavisides 1987). Ég athugaði meðal annars varpþéttleika, varphætti, fæðu og ferðalög. Í þessari ritgerð verður jallað um athuganir á kynþroskaaldri, áttahagatryggð og afföllum smyrila.

Íslenski smyrillinn hefur verið talinn sérstök undirtegun, *F.c. subaeson*. Þeir eru sagðir vera bæði stærri og dekkri heldur en evrópskir smyrilar (*F.c. aesalon*), sem þeir líkjast mest (Salomonsen 1935, Butterfield 1954). Þessi skipting er þó ekki einhlýtt og t.d. verða skoskir smyrilar ekki greindir frá þeim íslensku (Robertson 1982). Íslenski smyrillinn lifir á ýmsum smáfuglum, mest spörfuglum og vaðfuglum (Bengtson 1975, Ólafur K. Nielsen 1986). Hann er að mestu farfugl á Íslandi, fer í september til nóvember og kemur í apríl. Aðalvetrarstöðvarnar eru á Bretlandseyjum og í Vestur-Evrópu (Ólafur K. Nielsen 1986).

Smrillinn er ein af þeim tegundum sem farið hefur hálloka í samskiptum sínum við manninn og er talinn vera í útrýmingarhættu á sumum svæðum (Bibby & Natrass 1986, Meek 1988). Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á smyrlum bæði austan hafs og vestan á síðustu árum (sjá t.d. Newton o.fl. 1978,

Bibby 1986, Newton & Haas 1988, James o.fl. 1989, Sodhi o.fl. 1992).

Rannsóknasvæði

Athuganasvæðið er á Norðausturlandi, í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum. Vesturmörk þessa svæðis eru um Köldukinn, Ljósavatnsskarð, Bárðardal og árdal Skjálfandafljóts allt suður að Kiðagili. Suðurmörkin eru um línu sem hugsast dregin úr Kiðagili um Hattöldu, Suðurá, Sellandafljall, Bláfjall, Búrfell og í Jökulsá á Fjöllum skammt sunnan Hrossaborgar. Austurmörkin eru Jökulsá á Fjöllum að Hólssandi, og þaðan lína um Hafrafell, Sandfell, Fjallgarð, Blikalónsdal og í sjó við Blikalón. Norðurmörkin eru strandlengjan frá ósum Skjálfandafljóts austur til Blikalóns á Sléttu, auk Lundeyjar og Mánaréyja. Samtals gerir þetta um 5200 km².

Það sem öðru fremur einkennir svæðið eru víðáttumikil heiðalönd. Einkennisgróður þingeysku heiðanna eru ýmsir smárunnar, t.d. jalldrapi, gulviðir, gráviðir, krækilyng, sortulyng, bláberjalyng, beitleyng, sauðamergur og einir, einnig grös og fléttur. Þessi heiðalönd ná frá sjávarmáli upp í 600-700 m hæð yfir sjó syðst á athuganasvæðinu. Stór hluti þeirra hefur eyðst vegna uppblásturs, sérstaklega þau sem hæst liggja.

Snjóá leysir í byggð í apríl eða maí, mismunandi eftir árferði. Síðustu frost á vorin í Reykjahlíð (1951 til 1960) voru að jafnaði um 12. júní og fyrstu haustfrost um 5. september. Hljásti mánuðurinn var júlí með meðalhitann 10,4°C bæði á Húsavík og í Reykjahlíð. Snjó festir á láglandi í október-nóvember (Markús Á. Einarsson 1979).



1. mynd. Smyrill, full-
orðinn karlfugl. – *Adult
male Merlin*. Laxárdalur
12. júlí 1983. – Ólafur K.
Nielsen.



2. mynd. Smyrill, full-
orðinn kvenfugl. – *Adult
female Merlin*. Bárðar-
dalur 15. júlí 1985. –
Ólafur K. Nielsen.



3. mynd. Smyrill, árs-
gamall karlfugl. Fuglinn
er í felli og bláar fjaðrir
að vaxa á vængjum og
stéli. – *Yearling male
Merlin. The bird is
moulting over to adult
plumage*. Bárðardalur 15.
júlí 1985. – Ólafur Ein-
arsson.

Aðferðir

Smyrlar helga sér óðul á vorin, sömu óðul eru notuð ár eftir ár og kynslóð eftir kynslóð. Fari þessi óðul í eyði þá eru þau setin á ný er smyrlum jölgar. Á hverju óðali eru oftast nokkur hreiðurstæði (Newton o.fl. 1978). Ég reyndi að byggja það á beinum athugunum hvort aðliggjandi hreiðurklettar tilheyrðu viðkomandi óðali eða öðru. Þar sem athuganir voru ekki fyrir hendi voru hreiðurklettar 1 km eða nær hvor öðrum taldir vera á sama óðali. Ég kannaði 57 til 94 smyrilsóðul á hverju sumri 1981 til 1985 og skráði hvort þau væru í ábúð eða ekki. Væri óðalið í ábúð reyndi ég að ganga úr skugga um hvort þar kæmust upp ungar.

Auðvelt er að kyngreina smyrta á færi bæði á lit, stærð og hljóðum. Karlfluglar eru mun minni en kvenfluglar og skrækari (1. og 2. mynd). Tveggja ára gamlir karlfluglar og eldri eru bláir á baki en eins árs gamlir karlfluglar eru brúnir á baki (3. mynd). Við reyndum að aldursgreina karlfugla á eins mörgum óðulum og hægt var.

Ég reyndi ekki að veiða fullorðna smyrta 1981 og 1982, en merkti unga. Ungamerkingum var framhaldið 1983 til 1985 og jafnframt veiddi ég fullorðna fugla við hreiður. Mest var merkt af ungum og fullorðnum fuglum í fyrihluta júlí ár hvert. Fullorðnir smyrlar voru veiddir í net („dho-gaza“ sbr. bls. 107 í Bloom 1987). Netið var sett upp í næsta nágrenni við hreiðurklettinn. Til að eigna fuglana og fá þá til að fljúga í netið tjóðruðum við lifandi hrafn *Corvus corax* framan við það (4. mynd). Einnig veiddum við fullorðna smyrta í snörubaug sem komið var fyrir á kolli uppstoppaðs hrafns. Til að fá smyrlana til að gera árás, tjóðruðum við lifandi hrafn hjá þeim uppstoppaða.

Til að meta afföll fullorðinna smyrta reyndi ég að fanga fugla við sömu óðul 1983 til 1985. Ef fuglar höfðu verið leystir af hólmi á sínu gamla óðali 1984 eða 1985 kom tvennt til greina, annað hvort voru þeir dauðir eða fluttir annað. Hluti



4. mynd. Smyrlafangari, Einar Þorleifsson, með feng sinn, gildru og tálbeiti r. – *A Merlin rapper with his catch and the Dho-gaza trap.* Bárðardalur 15. júlí 1985. – Ólafur K. Nielsen.

þessara smyrta náðist við önnur óðul og þannig fékkst lágmarksmat á hve stór hluti hefði flutt. Með því að draga þetta hlutfall frá hlutfalli þeirra sem hurfu fengust hámarksafföll. Einnig notaði ég aldurshlutföll í varpstofninum til að nálgast tölu um afföll smyrta úr annarri átt.

Niðurstöður og umræður

Árangur veiða

Egnt var fyrir 46 karlfugla og 64 kvenflugla og náðust 32 karlar (70%) og 52 kerlingar (81%). Enginn marktækur munur milli kynja var á þessum hlutföllum ($\chi^2 = 2,025$, fr tala 1, $p > 0,1$).

Kynþroskaaldur og dreifing unga til varpstæða

Ég náði 5 kvenfuglum í varpi, sem ég hafði áður merkt sem unga í hreiðri. Þeir þeirra voru eins árs gamlir og tveir voru

tveggja ára. Ég náði engum karlfugli sem ég hafði merkt sem unga í hreiðri. Allir þessir kvenfuglar voru á óðulum sem annaðhvort höfðu verið í eyði árið á undan eða setin af öðrum kerlingum. Kvenfuglarnir settust að 22, 22, 41, 62 og 66 km frá sínum æskuóðulum. Tveir kvenfuglar og einn karlfugl merktir sem ungar í hreiðri fundust dauðir á varptíma ári eftir merkingu. Kvenfuglarnir voru 38 og 78 km frá sínum æskuóðulum en karlfuglinn 5 km.

Kvenfuglar smyrils setjast að jær æskuóðali sínu en karlfuglar (Hodson 1976, Picozzi 1983, Wiklund & Asplund 1982, James o.fl. 1989). Sama á við um ýmsa aðra ránfugla þar sem þetta atriði hefur verið kannað (Newton 1979, 1986, Village 1990). Þróunarfræðilega skýringin á þessum mun á kynjunum gengur út á að þetta dreifingamyndstur dragi úr líkunum á skyldleikaræktun. Þessi dreifing kvenfuglanna sem ég skráði spannar lengri vegalengdir en fundust hjá smyrilum í borginni Saskatoon í Alberta í Kanada (James o.fl. 1989). Niðurstöður mínar eru nær því sem Hudon (1976) fann fyrir smyrila á sléttum Alberta.

Afföll fullorðinna smyrila

Við veiddum 24 smyrila á óðulum þar sem veitt hafði verið árið á undan. Af 16 kvenfuglum voru 8 (50%) á sama óðali, fjórir höfðu áður náðst á öðru óðali, og fjórir voru nýjir. Af 8 karlfuglum voru fjórir (50%) á sama óðali, tveir höfðu áður náðst á öðru óðali og tveir voru nýjir. Þeir fuglar sem ekki komu fram (fjórir kvenfuglar og tveir karlfuglar) gætu hafa drepist eða þeir gætu hafa flutt sig yfir á óðal þar sem ekki var veitt. Ef tekið er tillit til búferlaflutninga þá hafa hámarksafföll varpfugla verið 25% fyrir bæði kynin (4/16 kvenfugar, 2/8 karlfuglar). Athuganir mínar á árunum 1981 til 1985 gáfu ekki til kynna neinn marktækan mun á ábúð smyrilasetra á milli ára, þannig að stofninn var stöðugur og að meðaltali voru um 43% óðala í ábúð (163/382).

Ungar komust upp á 79% óðala í ábúð (128/163), meðalstærð unгахóps var 3,32 ungar á hreiður eða 2,61 ungar á óðal í ábúð (Ólafur K. Nielsen 1986). Miðað við þessar forsendur, það er að smyrilastofninn hafi verið óbreyttur að stærð á athuganatímanum, að afföll ársгамalla fugla og eldri hafi verið 25% og að 2,61 ungar komist á upp á óðal í ábúð og jafnframt að allir ársгамlir smyrilar helgi sér óðal, er auðvelt að reikna út afföll unga fyrsta árið og þau eru samkvæmt þessu um 83%. Elstu íslensku smyrilarnir samkvæmt endurheimtuskrám Náttúrufræðistofnunar Íslands voru sex og a.m.k. sjö ára gamlir þegar þeir fundust dauðir. Fyrri fíglinn hafði verið merktur sem ungi í hreiðri. Síðari fíglinn var merktur sem fullorðinn kvenfugl við hreiður og því að minnsta kosti eins árs gamall við merkingu, hann fannst svo dauður sex árum síðar.

Önnur leið til að meta afföll á ungum og fullorðnum er að nota aldursgreiningar á karlfuglum á óðulum. Ég aldursgreindi 59 karlfugla á óðali og 11 eða 19% voru ársгамlir. Miðað við að stofninn sé stöðugur, að aldurshlutföll kvenfugla og karlfugla séu hin sömu og að ungaframleiðslan sé 2,61 ungar á par á óðali, þá eru afföll unga 86% og fullorðinna fugla 19% á ári. Þessi aðferð gefur heldur lægri dánartölu fyrir fullorðna fugla en veiðarnar sýna. Það er rétt að ítreka það sem sagt var hér á undan að veiðarnar gefa hámarksdánartölu.

Einu athuganir á afföllum smyrila, sem byggja á endurteknum veiðum á óðulum, eru frá Saskatoon, Kanada (James o.fl. 1989). Þar voru afföll kvenfugla 29% á ári og karlfugla 31%. Þessar niðurstöður er svipaðar og ég fékk út úr mínum mælingum en úrtakið var stærra 78 fuglar á móti 24 hjá mér. Hliðstæð gögn fyrir tvær tegundir smávaxinna ránfugla á Bretlandseyjum, það er sparnhauk *Accipiter nisus* og turnfálka *Falco tinnunculus*, gáfu afföllin 34% og 30% (Newton 1986, Village 1990).

Athagatryggð varpfugla og paratengsl

Eins og segir hér á undan þá voru 67% fullorðinna smyrlla (12/18) sem sannanlega lifðu milli ára um kyrrt á sínum gömlu óðulum en 33% fluttu (6/18). Hlutfall þeirra fugla sem fluttu er mögulega vanmetið, þv. að hér er gengið út frá því að þeir fuglar sem ekki komu fram annað hvort á sínu gamla óðali eða á nýju hafi drepist (6/24). Vitað var um 6 fullorðna fugla sem skiptu um óðul, þar á meðal eitt par. Þessir fuglar settust að 2 km (kvenfugl), 2 km (par), 4 km (kvenfugl), 10 km (karlfugl) og 16 km (kvenfugl) frá gamla óðalinu sínu. Þrjú fyrstu dæmin eiga við fugla sem fluttu sig yfir á næsta óðal. Hin tvö dæmin eiga við fugla sem fluttu sig úr einum dal yfir í þann næsta. Allir höfðu þessir fuglar komið upp ungum á sínum gömlu óðulum. Árið sem þeir fluttu sig voru tvö af gömlu óðulunum í ábúð annarra smyrlla (2 og 4 km í burtu) en hin voru í eyði. Tvö pör náðust ári eftir merkingu, bæði voru enn saman. Eitt af þessum pörum hafði flutt sig um set þegar gamla óðalið þeirra var setið af ómerktu pari.

Athuganir á smyrlum í Kanada hafa gefið til kynna miklu meiri hreyfanleika vaþfugla á milli ára. Þannig voru aðeins um 29% kvenfugla og 40% karlfugla sem lifðu aftur á sínum gömlu óðulum í Saskatoon (James o.fl. 1989) og 30% kvenfugla og 75% karlfugla á öðru svæði í Alberta (Hodson 1976). Munur virðist vera á kynjunum og kvenfuglar flytja oftar og lengra en karlfuglar (James o.fl. 1989), sama á við um ýmsa aðra ránfugla eins og t.d. sparrhauk (Newton 1986). Þessi flutningur varpfugla á milli óðala spannar mun styttri vegalengdir en er á milli fyrsta varpóðals smyrils og æskuóðals (James o.fl. 1989), sama á við um ýmsa aðra ránfugla (Newton 1979, Village 1990).

Samantekt

Athuganir mínar sýna að afföll á fullorðnum smyrlum eru allt að 25% á ári.

Þetta er svipuð tala og fengist hefur fyrir smyrlir annars staðar og aðra smávaxna ránfugla. Afföll á smyrilsungum frá því þeir yfirgefa foreldra sína og fram á næsta vor eru a.m.k. tvisvar til þrisvar sinnum hærri en afföll fullorðnu fuglanna. Er lendis hefur komið fram að þegar smyrlar velja sér óðal í fyrsta sinn setjast karlfuglar að nær æskulóðum sínum en kvenfuglar. Upplýsingar mínar ná mestmegnis til kvenfugla og sýna að þessi jarlægð getur skipt tugum km. Fullorðnir fuglar skipta alloft um vaþóðul en fara styttra en ungfuglar sem eru að setjast að í fyrsta skipti, flestir innan við 10 km.

ÞAKKIR

Rannsóknir þessar voru styrktar af National Geographic Society, The Peregrine Fund Inc., The Andrew Mellon Foundation, The E. Alexander Bergstrom Memorial Research Fund og The Arctic Institute of North America. Náttúruverndarráð veitti aðstöðu í Rannsóknastöð við Mývatn. Jim Weaver kenndi mér að veiða smyrlla og gaf mér netin sem við notuðum við veiðar. Haukur Hreggviðsson og Stefánía Þorgrámsdóttir í Garði Mývatnssveit tóku að sér hrafninn okkar haustið 1984 og leyfðu okkur að nota hann við smyrlaveiðar sumarið 1985. Félagar mínir Einar Þorleifsson, Hermann Bärðarson, Ib Petersen, Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson tóku þátt í smyrlaveiðunum. Náttúrufræðistofnun Íslands skaffaði fuglamerki og starfsmenn stofnunarinnar sáu um frágang á endurheimtum. Greinarkorn þetta tileinka ég hrafninum Ólafu (1984-1988) góðum félagi sem ekki gleymist þeim sem henni kynntust.

HEIMildir

- Bengtson, S.-A. 1975. Jaktbeteende och bytesval hos en islandsk population av stenfalk. Fauna och flora 1: 8-12.
- Bibby, C.J. 1986. Merlins in Wales: site occupancy and breeding in relation to vegetation. Journal of Applied Ecology 23: 1-12.
- Bibby, C.J. & M. Natterass 1986. Breeding status of the Merlin in Britain. British Birds 79: 170-185.
- Bloom, P.H. 1987. Capturing and handling raptors. Bls. 99-123 í: Pendleton, B.A.G., B.A. Millsap, K.W. Cline & D.A. Bird (ritstj.). Raptor Management Techniques Manual. National Wildlife Federation, Washington, D.C. 420 bls.
- Butterfield, A. 1954. *Falco columbarius subaeson* Brehm: a valid race. British Birds 47: 342-347.
- Heavisides, A. 1987. British and Irish Merlin recoveries, 1911-1984. Ring. & Migr. 8: 29-41.
- Hodson, K.A. 1976. The ecology of Richardson's

- Merlins on the Canadian Prairies. M.Sc. ritgerð, University of British Columbia.
- James, P.C., I.G. Warkentin & L.W. Oliphant 1989. Turnover and dispersal in urban Merlins *Falco columbarius*. Ibis 131: 426-447.
- Markús Á. Einarsson 1979. Climatic conditions of the Lake Mývatn area. Oikos 32: 29-37.
- Mead, C.J. 1973. Movements of British raptors. Bird Study 20: 259-286.
- Meek, E.R. 1988. The breeding ecology and decline of the Merlin *Falco columbarius* in Orkney. Bird Study 35: 209-218.
- Newton, I. 1979. Raptor biology. T. & A.D. Poyser, Calton. 399 bls.
- Newton, I. 1986. The Sparrowhawk. T. & A.D. Poyser, Calton. 396 bls.
- Newton, I. & M.B. Haas 1988. Pollutants in Merlin eggs and their effects on breeding. British Birds 81: 258-269.
- Newton, I., E.R. Meek & B. Little 1978. Breeding ecology of the Merlin in Northumberland. British Birds 71: 376-398.
- Ólafur K. Nielsen 1986. Population ecology of the Gyrffalcon in Iceland with comparative notes on the Merlin and the Raven. Ph.D. ritgerð, Cornell University.
- Ólafur K. Nielsen & Tom J. Cade 1990. Seasonal changes in food habits of Gyrffalcons in NE-Iceland. Ornis Scand. 21: 202-211.
- Picozzi, N. 1983. Growth and sex of nestling Merlins in Orkney. Ibis 125: 377-382.
- Robertson, I.S. 1982. The origin of migrant Merlins on Fair Isle. British Birds 75: 108-111.
- Salomonsen, F. 1935. Zoology of the Faroes: Aves. Vol III, part II, bls. 1-268. Andr. Fred. Høst & Son, Copenhagen.
- Sodhi, N.S., P.C. James, I.G. Warkentin & L.W. Oliphant 1992. Breeding ecology of urban Merlins (*Falco columbarius*). Canadian Journal of Zoology 70: 1477-1483.
- Village, A. 1990. The Kestrel. Poyser, Calton. 352 bls.
- Wiklund, C.G. & M. Asplund 1982. Ett rígrig stenfalk ruggar till adult dríkt under hickningssígen. Vísir Félagsvísind 41: 338-339.

SUMMARY

Dispersal and survival of Merlin *Falco columbarius* in Northeast-Iceland

While conducting studies on Gyrffalcon (*Falco rusticolus*) and Rock Ptarmigan (*Lagopus lagopus*) in NE-Iceland during the years 1981 to 1985 I had the opportunity to do some work on the Merlin. Among other things I studied breeding density, breeding biology, food habits and travels of Merlins (Nielsen 1986). This paper summarizes results on age of first breeding, natal and breeding dispersal and survival.

The study area, total 5200 km², is in the counties Suður- and Norður-Þíngeyjarsýsla. In the north it is

bordered by the coast. Rolling hills rising from the coast reach 500 to 700 m above sea level at the southern end ca. 100 km inland. Characteristic vegetation include extensive heathlands, characterized by various species of small woody shrubs, and carex-marshes (c.f. Nielsen 1986 and Nielsen and Cade 1990 for more detailed description of the study area).

The Merlins are migratory within the study area. They arrive in April and leave in September through November. A few odd birds are seen in winter (cf. front cover).

I visited 57 to 94 Merlin territories each summer. A Merlin territory usually has several nest sites but any year only one pair occupies the territory. Whether adjacent nest sites belong to the same or two different territories was based on observations. Where I had no information nest sites 1 km or more apart were defined as belonging to different territories. In 1983 to 1985 I tried to age as many territorial males as possible. I did not trap adult Merlins in 1981 or 1982 but banded nestlings. During 1983 to 1985 I banded both nestlings and adults. The adults were trapped in a dhogaza at the nest cliff using a live Raven (*Corvus corax*) as a bait (Bloom 1987). I also used noose halo placed on top of the head of a stuffed Raven. This was also done at the nest cliff and tethered live Raven was used to excite and lure the Merlin in. To estimate mortality of adult Merlins I tried to trap breeders at the same territories in 1983 to 1985.

Five Merlin females previously banded as nestlings were caught as breeding adults, three as yearlings and two as two years old (their territories were either occupied by other females the year before or unoccupied). They settled 22, 22, 41, 62 and 66 km from their natal territories. Three birds banded as nestlings were recovered dead during the breeding season at a later year. Two females 38 and 78 km from their natal territories and one male 5 km away from natal territory. This natal dispersal is long compared with the results from urban Merlins in Saskatoon in Alberta (James et al. 1989), and more in line with what was observed on the prairie in Alberta (Hudson 1976).

Twenty-four Merlins were caught on territories where trapping was done in the previous year. Of 16 females 8 (50%) were on the same territory, of 8 males 4 (50%) were on the same territory. Four females and two males had moved to a new territory. Missing birds (four females and two males) could possibly have moved to a territory where no trapping was done or could have been killed. Assuming the latter gives max. estimate of mortality as 25% for both sexes (4/16 females, 2/8 males). My observations of territory occupancy indicated that the Merlin population was stable in size and average occupancy was 43% (163/382). One or more young were fledged at 79% of occupied territories (128/163), mean brood size was 3.32 young/successful territory or 2.61 young/occupied territory (Nielsen 1986). Assuming stable population, 25% mortality of birds one year and older, 2.61 young/occupied territory and that all surviving year-

lings occupied territories, indicates that first year mortality was at least three-times that of adults (83%). Of 59 aged territorial males in 1983 to 1985 19% (11 birds) were yearlings. The two oldest Icelandic Merlins according to the files at the Icelandic Institute of Natural History were 6 and at least 7 years old, respectively, when they died. The only observations on Merlin mortality using comparable methods are from Saskatoon (James et al. 1989). Mortality of adult females was 29% and 31% of males. This is for an expanding urban Merlin population. Mortality figures for other small raptors give similar estimates for adults (Newton 1986, Village 1990).

Members of two pairs were caught in a later year, both still faithful to their previous mates. One pair was on their old territory the other had moved.

A total of 67% (12/18) of recaptured Merlins were faithful to their previous territories. This is higher than

results from Alberta show (Hodson 1975, James et al. 1989). Six birds changed territories and settled 2 km (female), 2 km (pair), 4 km (female), 10 km (male) and 16 km (female) from their previous territory. The first three cases involved birds moving to the next territory adjacent to their old one, the two last examples involved birds moving from one valley to the next. These distances are shorter than the observed natal dispersal distances. My findings for breeding dispersal are more in line with what Hodson (1976) observed in rural Alberta than the very short movements observed in Saskatoon (James et al. 1989).

Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands, póstið 5320, 125 Reykjavík.

Gunnlaugur Pétursson

Sedrustoppa á Íslandi

Inngangur

Í skýrslu um sjaldgæfa fugla á Íslandi fyrir árið 1989 birtist ljósmynd af fugli sem talinn var silkitoppa *Bombycilla garrulus* og sást í Gerðum frá miðjum apríl fram í lok júl 1989 (l. mynd; sjá einnig *Blika* 11, bls. 51). Haustið áður, 1988, hafði komið talsvert af silkitoppum til landsins og sáust þær fram í mars 1989 og var fuglinn álitinn vera einn þeirra. Þetta kemur skýrt fram á línuriti sem einnig birtist í skýrslunni 1989 (Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1992).

Nú líða nokkur ár. Þá gerist það að Írinn Killian Mullarney kemst yfir *Blika* og fer að skoða myndirnar í honum. Hann tók eftir því að fyrrgreind mynd var ekki af silkitoppu heldur sedrustoppu *Bombycilla cedrorum*. Þetta tjáði hann mér í bréfi, dagsettu 16. apríl 1995, þar sem hann rökstyður skoðun sína.

Til þess að fá staðfest að fuglinn væri sedrustoppa, skrifaði ég til J.T.R. Sharrock í Bretlandi og Shawneen Finnegan í New Jersey. Þau staðfestu síðan bæði, ásamt Rob Hume, formanni bresku flækingsfuglanefndarinnar, að um þessa tegund væri að ræða án nokkurs vafa. Að lokum var þessi fugl lagður fyrir íslensku flækingsfuglanefndina haustið 1995 og hefur nú verið samþykktur sem umrædd tegund, en hún hefur ekki sést hér á landi áður.

Stutt lýsing á tegundinni

Sedrustoppa eru heldur minni silkitoppa. Hana má greina frá silkitoppu á gulbrúnni bringu, gulleitum kvið og ljóseitum undirstélþökum. Silkitoppa hefur gráan kvið og brúna undirstélþökur. Í væng sedrustoppu er ekkert hvítt nema



1. mynd. Sedrustoppa *Bombycilla cedrorum*. Gerðar, Gull., apríl til júlí 1989. – *The Cedar Waxwing Bombycilla cedrorum at Gerðar in Gullbringusýsla, SW-Iceland, April-July 1989.* – Þórhallur Frimannsson.

rák á innri fön alnarfjaðranna („tertials“), sem er ekki á silkitoppu. Silkitoppa hefur hins vegar hvíta og gula bletti í vængjum. Dökka kverkin á sedrustoppu er ekki eins skýrt afmörkuð og á silkitoppu.

Heimkynni sedrustoppu

Sedrustoppur verpa í N-Ameríku. Varpútbreiðslusvæði þeirra nær frá Suðaustur-Alaska og miðhluta Kanada (frá Bresku Columbíu austur til Nýfundnalandis og Nova Scotia) suður fyrir mið Bandaríkinn (norður Kaliforníu austur til suður Karólínu). Fuglar sem verpa í Kanada og nyrsta hluta Bandaríkjanna eru farfuglar og ná vetrarstöðvarnar frá miðr kjum Bandaríkjanna suður í Mið-Ameríku og Vestur-Indíur. Á veturna halda þær hópinn, stundum þúsundum saman.

Silkitoppur verpa einnig í Norður-Ameríku. Þeir fuglar sem hér sjást eru hins vegar taldir koma frá Evrópu og Asíu. Silkitoppur í Evrópu eru þekktar fyrir það að flækjast endrum og eins í miklum fjölda langt út fyrir heimkynni sín, sennilega vegna fæðuskorts þar, og koma þá jafnvel hingað til lands í nokkr-

um mæli. Slíkt gerðist til dæmis árin 1981, 1988, 1990 og 1991. Þetta gerist einnig hjá silkitoppum vestanhafs og í litlum mæli meðal sedrustoppa einnig.

Sedrustoppur verpa þar sem ber er að fá, enda eru þau aðalfæðan, sérstaklega aldin og ber af sedrusvið, reynivið, mörberjatrjám og eldþyrni. Þær éta einnig skordýr, blómakrónublöð og blómasafa. Fuglinn í Garði át sólber.

Staður, tímasetning og uppruni

Ef lítið er á línuritið á blaðsíðu 50 í *Blika* 11, sést að síðustu silkitoppurnar frá haustinu 1988 hurfu mánuði áður en sedrustoppa sást fyrst. Þótt silkitoppurnar sæust nánast um allt land, vekur staðsetning þessa fugls athygli við nánari skoðun, þ.e. í Garði, vestast á Suðvesturlandi. Á þeim slóðum hafa einmitt allmargir amerískir spörfuglar sést á undanförmum áratugum. Aðeins ein önnur toppa sást sumarið 1989, þann 12. júlí á Suðureyri við Súganda jörð, og getur staðsetning og tímasetning bent til þess að þar hafi einnig verið sedrustoppa á ferð. Lýsing á þeim fugli sker þó engan veginn úr um tegundina.

Víða í Evrópu eru sedrustoppur hafðar í haldi í búrum mönnum til ánægju og yndisauka, enda fallegir fuglar. Um slíkt eru þó engin dæmi hér á landi svo vitað sé. Var því nauðsynlegt að grennslast fyrir um ferðir sedrustoppa vestanhafs frá hausti 1988 til vors 1989, en það leiddi ýmislegt athyglisvert í ljós.

Þótt sedrustoppur flækist ekki um að vetrarlagi í sama mæli og silkitoppur getur jöldi þeirra á einstökum stöðum verið allbreytilegur frá ári til árs. Að vetrarlagi í Suður-Kaliforníu geta til dæmis verið allt frá fáeinum upp í nokkur þúsund fuglar. Flestar sedrustoppur fara frá varpstöðvunum suður á bóginn að vetrarlagi, en fæðugnótt og hlýrra veðurfar en venjulegt er getur haft þar áhrif á. Slíkt virðist einmitt hafa gerst veturinn 1988-1989.

Haustið 1988 sáust óvenjumargar sedrustoppur í strandhéruðum Kanada, t.d. 80 fuglar í desember austast á Nýfundnalandi, og allmargir 15-25 fugla hópar á eyjunni Cape Brenton. Þrjátíu fuglar höfðu vetursetu í Moncton í New Brunswick og hópar sáust víðar í þv hér-aði og á Nova Scotia. Sennilega hefur einstaklega góð aldin- og berjaspretta í þessum slóðum haft hér áhrif á. Feykilegur fjöldi farþrasta *Turdus migratorius* hafði einnig vetursetu á Nýfundnalandi. Hinsvegar var fjöldi silkitoppa í lágmarki (McLaren 1989). Mikið var um sedrustoppur á Nýfundnalandi sumarið 1989, bæði í bæjum og til sveita. Fjórar sáust meira að segja norður í Wabush á Labrador í lok jún 1989 (Mactavish 1989).

Samkvæmt ofangreindu var óvenjumikið um sedrustoppur í NA-Kanada veturinn 1988-1989 og vorið og sumarið 1989. Það er því í hæsta máta líklegt að sedrustoppur sem sást á Íslandi hafi komið af sjálfsdáðum vestan um hafi. „Ég mundi sjálf ekki vera í neinum vandræðum með að samþykkja þessa athugun sem þá fyrstu fyrir vestur-palearktíska svæðið“, skrifar Shawneen Finnegan í bréfi dagsettu 16. júní 1995.

Sedrustoppur í Evrópu

Einn fugl þessarar tegundar sást á Hjaltlandseyjum 25.-26. jún 1985 (Rogers o.fl. 1993). Þetta ár voru sedrustoppur allalgengar í haldi á Bretlandeyjum (minna síðar), og voru taldar allmiklar líkur á því að um væri að ræða fugl sem sloppið hefði úr haldi, enda sást annar sama ár í Oxfordskíri á Englandi sem hafði sloppið úr haldi. Þess vegna setti breska fuglaskrárnefndin sedrustoppu í flokk D1, sem þýðir að tegundin er ekki á eiginlegum lista yfir fugla sem sést hafa á Bretlandseyjum (BOU 1993). Sedrustoppur hafa heldur ekki sést annars staðar á meginlandi Evrópu, a.m.k. ekki fuglar sem taldir eru villtir. Fuglinn hér á landi sumarið 1989 er því sá fyrsti sem sést í Evrópu (og vestur-palearktíska svæðinu), sem talinn er hafa komið af sjálfsdáðum frá upprunalegum heimkynnum sínum.

Ekki er ólíklegt að fleiri sedrustoppur eigi eftir að flækjast til Evrópu, ekki síst að haustlagi. Robbins (1980) spáði fyrir um líkur á komum ýmissa amerískra fugla til Evrópu, og taldi hann að meiri líkur væru á að sedrustoppur sæjust en til dæmis rauðkollar *Regulus calendula*, kollgræningjar *Vireo philadelphicus*, mýraskríkjur *Wilsonia pusilla* og kúftittlingar *Zonotrichia leucophrys* sem allir hafa sést þar, reyndar mjög fáir fuglar. Sedrustoppur hafa auk þess sést á skipum á leið frá Ameríku til Bretlandseyja að haustlagi (Durand 1963).

ÞAKKIR

Þórhallur Frimannson sá og ljósmyndaði fuglinn. Killian Mullarney greindi hann fyrst til réttar tegundar. J.T.R. Sharrock og Rob Hume í Bretlandi og Shawneen Finnegan í New Jersey staðfestu sðan greiningu hans. Shawneen Finnegan sendi mér einnig ítarleg bréf um úbreiðslu sedrustoppu í Norðvestur Ameríku haustið 1988 og veturinn og vorið 1989 og aðstoðaði við heimildaöflun. Erling Ólafsson og Gunnlaugur Þráinsson lásu handrit að þessari grein.

HEIMILDIR

British Ornithologist's Union 1993. Records Committee. Eighteenth Report (December 1992). Ibis 135: 220-222.

Durand, A. L. 1963. A remarkable fall of American land-birds on the 'Mauretania', New York to Southampton, October 1962. *Brit. Birds* 56: 157-164.

Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. *Bliki* 11: 31-63.

Mactavish, B. 1989. The Nesting Season, June 1 - July 31, 1989: Atlantic Provinces Region. *American Birds* 43: 1285-1288.

McLaren, I. A. 1989. The Winter Season, December 1, 1988 - February 28, 1989: Atlantic Provinces Region. *American Birds* 43: 277-282.

Robbins, C. S. 1980. Predictions of future Nearctic landbird vagrants to Europe. *Brit. Birds* 73: 448-457.

Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1993. Report of rare birds in Great Britain in 1992. *Brit. Birds* 86: 447-540.

SUMMARY

Cedar Waxwing in Iceland: new to the Western Palearctic

A Cedar Waxwing *Bombycilla cedrorum* was seen from the middle of April till late July 1989 in a small village *Gerðar* in the county of *Gullbrú gúsýsla* in south-western Iceland. It was photographed by one of the villagers, but the presence of the bird was not known to any birdwatchers until much later. One of the photographs was published in the report of rare birds in Iceland in 1989, but was said to be a Bohemian Waxwing *Bombycilla garrulus* (Gunnlaugur Pétursson *et al.* 1992). Bohemian Waxwings are not uncommon vagrants to Iceland, sometimes arriving in great numbers. An influx occurred in the autumn 1988 and a few birds stayed until March 1989 (see a histogram in *Bliki* 11, page 50). Despite a photo that clearly shows a Cedar Waxwing (Fig. 1, see also *Bliki* 11: 51) and a discontinuity in the histogram of the Waxwing influx (*Bliki* 11: 50), the bird was simply dismissed as a leftover from that influx. It was Killian Mullarney in Ireland that recently pointed out the right

identity of the bird when browsing through the photos in *Bliki*.

A Cedar Waxwing was seen on Shetland in late June 1985 (Rogers *et al.* 1993). The bird was considered to be of a possible captive origin and placed in category D1 on the British list (BOU 1993). Cedar Waxwings were not uncommon cage-birds in Britain in the mid eighties (less so later) and another bird of known captive origin was seen in Oxfordshire in 1985. Cedar Waxwings have not been held in captivity in Iceland to my best knowledge, and vagrancy of escapes from Britain are highly unlikely in this case.

Cedar Waxwings were unusually common in winter 1988-1989 in the Atlantic Provinces Region of Eastern Canada. For instance 80 birds were reported in St. Johns in Newfoundland in December 1988 and several records of 15-25 birds on Cape Breton Island. Thirty birds were reported in Moncton, and smaller numbers in New Brunswick and Nova Scotia. Fruit crops seem to have been exceptionally good in the north-east of the region (McLaren 1989). The summer 1989 was very good for Cedar Waxwings in Newfoundland. They were common in urban centres and also present in the wilderness. Four birds were even reported in Wabush in Labrador in June 1989 (Mactavish 1989). Given the above information it is not surprising that a Cedar Waxwing wandered further north-east and all the way to Iceland in spring 1989. It is impossible to say when it arrived exactly, but it was seen from the middle of April to late July 1989 in the town *Gerðar*, about 2600 km from St. Johns in Newfoundland. Only two other towns in Iceland are closer to N-America. According to the observer, the bird ate black currant berries.

This record in Iceland is the first for the Western Palearctic to be accepted into category A.

I would like to thank Killian Mullarney, Shawneen Finnegan, J.T.R. Sharrock and Rob Hume for their important contributions regarding this record.

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994

Yfirlit

Þessi skýrsla er getið 94 tegunda flækingsfugla sem sást á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1994. Auk þess eru upplýsingar um þórar erlendar undirtegundir af jafnmörgum tegundum slenskra varpfugla. Samtals eru því 98 tegundir sjaldgæfra fugla sem sást árið 1994 í þessari skýrslu en það er þremur færri en árið á undan. Auk þess er getið akurgæsa sem sást 1981, sparrhauks frá 1985 og sedrustoppu frá 1989.

Eins og undanfarin ár hefur sjö manna dómnefnd farið yfir allar athuganir á flækingsfuglum af sjaldgæfum og torgreindum tegundum. Hún leggur hins vegar ekki mat á athuganir nokkurra algengustu tegundanna nema sérstök ástæða þyki til. Þessar tegundir eru ekki alveg þær sömu frá ári til árs. Stórar göngur koma stundum af sumum tegundum og þykir þá ekki ástæða að dæma hverja athugun en önnur ár geta verið örfá tilvik af sömu tegund sem þá eru öll skoðuð af dómnefndinni. Árið 1994 voru flestar athuganir af eftirfarandi tegundum ekki dæmdar af dómnefndinni: Gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfði, skeiðönd, skutulönd, æðarkóngur auk kynblendinga æðarkóns og æðarf. gls, hvinönd, hrökönd, sefhæna, vepja, efjutíta, rúkragi, skógar snípa, lappajaðrakan, jöruspói, skjói, fjallkjói, dvergmáfur, hringdúfa, snæugla, eyrugla, múrsvölungur, landsvala, bæjaeyra, silkitoppa, glób ystingur, svartþröstur, gráþröstur, hettusöngvari, giansöngvari, laufsöngvari, glókollur, dvergkiáka, bláhráfn, gráspör á Hofi, bókfínka, fjalla-fínka, barrfínka, krossnefur og dómþápi.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Guðmundur A.

Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Hallgrímur Gunnarsson, Jóhann Ó. Hilmarsson, Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson. Dómnefndin fór yfir 138 athuganir, og voru 90 þeirra samþykktar. Ritarar dómnefndar eru Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson. Ritararnir sjá um útgáfu skýrslunnar á hverju ári og halda skrá yfir fjölda einstaklinga af hverri tegund ásamt fjölda fugla á fyrri árum.

Þeir sem sjá flækingsfugla eru hvattir til að senda upplýsingar um þá til nefndarinnar á þar til gerðum spjöldum. Þessum spjöldum er lýst ýtarlega í flækingskýrslu 1991 sem birtist í Blika 13 á bls. 11-12. Fuglaskoðarar eru hvattir til að taka ljósmyndir af flækingsfuglum sem þeir sjá, bæði til að auðvelda greiningu og til að birta í flækingskýrslum því þær lifga mjög upp á skýrslurnar. Ljósmyndum er skilað aftur ef þess er óskað. Þegar dómnefnd hefur lokið störfum eru spjöldin ásamt ljósmyndum og hömum varðveitt á Náttúrufræðistofnun.

Sjaldgæfir varpfuglar. Brandönd varp í Borgarfirði og kom upp fimm ungum. Þetta er þriðja árið í röð sem brandönd verpur á sömu slóðum, sennilega ávallt sama parið. Alls hafa komist upp 22 ungar þessi þriju ár. Brandönd hafði orpið einu sinni hér á landi áður en þetta varp í Borgarfirði byrjaði. Allmargar skeiðendur sástu um vorið og sumarið en ekki tókst að staðfesta neitt varp að þessu sinni. Skutulendur voru færri en síðustu tvö ár og varð ekki vart við að þær reyndu varp. Hrökendur voru óvenjumargar og fundust veðandi í þriðja sinn (Ólafur K. Nielsen 1995). Fram að þessu höfðu þær í tvígang

reynt varp við Mývatn en mistekist í bæði skiptin. Nú varp par við Víkingavatn og að þessu sinni komust upp a.m.k. tveir ungar. Það eru fyrstu hrókandarungar sem komast á legg á Íslandi svo vitað sé. Syngjandi e jútíta var enn á Tjörresi í maí og júní en aðeins einn fugl sást. Fjöruspóar sáust á gömlu varpslóðunum á Melrakkaslétu um vorið. Þeir hafa sést þar árlega síðan þeir urpu 1987 og 1988 (Whitfield o.fl. 1989) þó ekki hafi orðið vart við varp aftur. Afar mikið bar á glóbrýstingum snemma um vorið. Flestir hurfu fljótlega en ekki allir því að á Akureyri sást fugl um sumarið sem söng og bar æti í nefi. Syngjandi fugl sást einnig í Hallormsstaðaskógi. Í Skógræktinni í Fossvogi varp svartþröstur jórða árið í röð. Að þessu sinni urpu þrjú pör og komu þau alls níttján ungum á legg. Á Tumastöðum var syngjandi laufsöngvari um vorið. Á Hofi Örfæum stendur varp gráspörva enn með blóma. Alls urpu sjö pör að þessu sinni og komust margir ungar á legg. Um vorið sáust tvær bókfinkur. Hins vegar sáust margar jallafinkur um vorið og varð vart við sjö syngjandi karlfugla. Um sumarið sást verpandi par í Mývatnssveit sem kom upp a.m.k. þremur ungum. Á Tumastöðum urpu tvær tegundir sem ekki hafa áður fundist verpandi á Íslandi. Um sumarið urpu þar tvö barrfinkupör og komu upp a.m.k. ellefu ungum úr þremur hreiðrum (Örn Óskarsson 1995a). Í desember urpu krossnefir og náðu að klekja út þremur eggjum en ungarnir drápust í hreiðrinu (Örn Óskarsson 1995b). Varptíminn virðist undarlegur en svo er þó ekki því krossnefir verpa á öllum árstímum ef nóg er af fræjum bartrjáa sem er þeirra aðalfæða.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Margar gráskrofur sáust á árinu en þó færri en árið á undan. Hettuskrofa sást þriðja árið í röð. Gráhegrar voru færri en 1993 en þó fleiri en í meðalári. Æðarkóngar voru mjög fáir og hafa ekki verið færri síðan 1991. Mjög margar hvínendur sáust og er greinilegt að þess-

um vetrargesti fer jölgandi. Mjög margar vepjur sáust um vorið og einnig nokkrar seint um haustið. Svona margar vepjur sáust síðast 1987. Skógarsnípur komu snemma vors og síðla hausts eins og þeirra er venja. Færri lappajaðrakanar sáust en undanfarin ár en þeir voru síðast færri árið 1986. Fjöldi fjöruspóa var mjög svipaður og undanfarin jögur ár. Ískjóar voru fáir en fjallkjóar í meðallagi. Tíu dvergmáfar sáust á árinu en fleiri dvergmáfar hafa ekki sést á einu ári. Ísmáfar voru fimm eins og árið áður. Fleiri hringdúfur sáust en næstu ár á undan og hafa ekki verið fleiri síðan 1988. Tyrkjadúfa hafði vetursetu á Höfn annan veturinn í röð. Að þessu sinni sáust sextán snæuglur. Á seinni árum hafa þær aðeins einu sinni verið fleiri, en það var 1991. Múrsvölungar voru aðeins þrír annað árið í röð og hafa ekki verið færri síðan útgáfa á ársskýrslum um flækinga hófst. Landsvölur og bæjasvölur voru hins vegar með mesta móti, en fjöldi og komutími þeirra fylgist gjarnan að. Allvæn ganga af silkitoppum kom í byrjun nóvember en á sama tíma voru þær á flakki víðar í Evrópu. Mjög breytilegt er á milli ára hversu mikið ber á silkitoppum en þær hafa nú sést árlega síðan 1984. Að venju sást mikið af svartþröstum og gráþröstum. Övenjumikið sást af söngþröstum. Þeir komu bæði um vorið og haustið. Hettusöngvarar voru fleiri en allar götur síðan 1982 og fleiri gransöngvarar hafa ekki sést síðan 1987. Laufsöngvarar voru hins vegar færri en í meðalári en glókollar fleiri en í meðalári. Lítið sást af dvergkrákum og bláhröfnum. Síðla árs fór að bera á dómþápum víða um land. Áður en árið var liðið höfðu fundist 33 fuglar sem eru næstum jafnmargir og allir dómþápar sem sést höfðu fram að þessari göngu (nánari upplýsingar munu birtast í næstu skýrslu). Enginn sportittlingur sást en það hefur ekki gerst síðan 1985.

Undirtegundir. Austræn margæs sást sjötta árið í röð. Ein amerísk urtönd sást og hefur þessi undirtegund sést ellefu ár í

röð. Einn grænlenstur fálki sást. Í þessari skýrslu er getið nýrrar undirtegundar sem er vestrænn bjartmáfur. Nokkrar eldri athuganir af þessari undirtegund eru enn til meðferðar hjá dómnefndinni.

Nýjar tegundir. Tvær nýjar tegundir sást á árinu. Í maí fannst kambönd í Svarfaðardal og aftur í september í Aðaldal. Líklegt er að sami fugl hafi verið á ferðinni á báðum stöðum. Í Evrópu er nokkuð um kambendur á ferli sem hafa sloppið úr haldi og er ekki hægt að útiloka þann möguleika að þessi hafi verið ein þeirra. Hún sýndi þó engin merki þess að hafa komist undir manna hendur en það sama verður ekki sagt um kambönd sem fannst í Vestmannaeyjum árið 1988. Hún var merkt og ófleyg og hefur því ekki komist þangað á eigin vegum. Hún getur því ekki talist með flækjum og því kemur það í hlut andarinna á þessu ári að vera fyrsta kambönd sem finnst hér á landi (Gaukur Hjartarson og Ríkarður Ríkarðsson, í undirbúningi). Nokkrar leirutítur sjást á hverju ári í Evrópu og því hafði hennar verið vænst hérlandis um árabíl. Það var því létt yfir fjórum fugla-skoðurum sem fundu leirutítu í Sandgerði í byrjun september. Tíðni hennar í Evrópu gefur vísbendingu um að fleiri sjáist áður en langt um líður (Gunnlaugur Þráinsson 1995). Í þessari skýrslu er einnig getið fyrstu sedrustoppunnar en hún sást vorið 1989. Svo óheppilega vildi til að hún var talin vera silkitoppa en mikið hafði sést af þeim veturinn á undan (Gunnlaugur Pétursson 1995).

Sjaldgæfir flækingsfuglar. Ekki sást nein tegundir sem sést höfðu einu sinni eða tvisvar áður. Þrjár tegundir sást hins vegar í jörða sinn en það eru bjartheppi, brúðönd og mýrerla. Fjórar tegundir sást í fimmta sinn en það eru mandarinönd, búnhæðir, sparrhaukur og dverggtittlingur. Á árinu sást sjötti þýnisvarinn og sjöunda bliköndin auk tveggja sem sést höfðu árin á undan. Grastíta hafði sést fimm sinnum áður en nú fundust þrjár til viðbótar. Hvítönd og gulllóa sást í átt-

unda sinn og lauglóa var sá níundi í röðinni. Aðrir mjög sjaldgæfir flækingsfuglar eru gauktíta (tölfli fuglinn), hagaskvettur sem sást síðast 1985 auk þriggja rósastara sem sást í síðari hluta ágúst. Rósastari á það til að flæmast yfir Evrópu eftir að hafa yfirgefið heimkynni sín í austri. Þetta gerðist einmitt sumarið 1994. Enginn amerískur spörfugl sást á árið 1994, og er það í fyrsta sinn síðan 1968 að þá vantar alveg.

Annáll ársins

Janúar var tíðindasnaður og bauð fyrst og fremst upp á hefðbundnar tegundir vetrargesta. Gráhegrar sást nokkuð víða, vepja í Hrutafirði, skógarsnípa í Mosfellsbæ og dvergkráka á Höfn. Þá var hvítönd í Skerjafirði og bókfinka í Reykjavík. Ísmáfur sást í Hafnarfirði. Athyglí vekja þó 65 hvinendur sem sást í Meðallandi í lok mánaðarins.

Í febrúar sást vepjur nokkuð víða í fyrri hluta mánaðarins og einnig margar hvinendur, flestar 35 á Elliðavatni. Nokkrar sjaldséðari tegundir sást, þ.e. blikönd á Tjörnesi og korpönd í Hvalfirði, lappjaðrakan á Höfn, skógarsnípa í Reykjadal, dvergmáfur og tveir bjartmáfur af undirtegundinni *kumlieni* í Skerjafirði, hringmáfur í Örfirisey, eyrugla í Skagafirði og glóbrystingur á Höfn.

Mars sást enn fjöldi vepja, einkum um austan- og norðanvert landið. Þann 23. mars sást glóbrystingur á Kvískerjum, en það var upphaf að óvenjulegri innrás glóbrystinga til landsins. Næstu daga sást nokkrir á austan- og norðanverðu landinu en eftir mánaðamótin bar enn frekar til tíðinda (sjá síðar). Af öðrum áhugaverðum fuglum skal helsta nefna skógarsnípur í Bjarnarfirði á Ströndum, Skagaströnd og tvær í Reykjavík, hringmáf og ísmáf í Hornafirði og dvergmáf í Hafnarfirði, þrjá bláhræna í Reykjavík og einn á Selfossi og að lokum hagaskvettur á Kvískerjum 21. mars. Hagaskvettur eru mjög fáséðar hér á landi. Þær höfðu allar sést á Kvískerjum í marsmánuði og var þessi fugl ekki undantekning frá því.

Það er skemmst frá því að segja að strax frá fyrsta degi apríl fór að sjást mikill fjöldi glóbrystinga á norðan- og norðaustanverðu landinu. Ekki er vitað til þess að nokkurn tíma fyrr hafi borist annar eins fjöldi glóbrystinga til landsins í einni göngu. Einnig kom töluvert af þröstum, svartþröstum, gráþröstum og nokkrir söngþröstir. Minna var af öðrum tegundum, en geta má um brandönd í Nesjum, skógarsnípur í Eyjafirði, á Húsavík, Kvískerjum og í Fljótshlíð, silkitoppu á Selfossi, dvergkráku á Reykjanesskaga og bláhráfn á Seyðisfirði. Fjallafinkur sáust á Blönduósi og Langesströnd, hússkotta og hagaskvettar á Núpi í Öxarfirði 2. apríl, en það er í fyrsta sinn að síðarnefnda tegundin sést utan Kvískerja og í „röngum“ mánuði.

Þann 1. maí urðu aftur þáttaskil, en þá og næstu daga bárust landsvölur og bæjasvölur til landsins og sáust víða fram eftir mánuðinum. Aðeins tveir múrsvölungar sáust, á Eskifirði og á Mýrum austur. Nokkuð sást af andfuglum eins og oft í maí, t.d. snjógæs í Nesjum og kanadagæsir á Hnausum í Þingi og í Beruvík undir Jökli. Brandendur sáust í Borgarfirði, eins og undanfarin ár, og ein í Eyjafirði. Ljós höfðaönd var í Aðaldal og amerísk urtönd í Langadal. Hrókendur sáust á nokkrum stöðum, í Fellabæ og Nesjum, tvær á Mýrum austur og þrjár í Kelduhverfi. Þá sáust mandarinönd í Skerjafirði og kambönd í Svarfaðardal. Af ránfuglum sást aðeins einn fugl, þ.e. brúnheiðir á Kvískerjum, og enginn flækingsvaðfugl fyrir utan hefðbundna efutitu á Tjörnesi. Tveir máfur sáust, dvergmáfur í Reykjavík og rósamáfur á Húsavík. Hringdúfur sáust í Fljótshlíð, Örfum, Kvískerjum, Suðursveit og Eyjafirði, og grákráka í Álftafirði. Fátt sást minni spörfugla, nema helst í Fljótshlíð, en þar sungu laufsöngvari og fjallafinka og barrfinkur gerðu sig klárar fyrir varp. Þá sáust fjallafinkur í Fellabæ og Reykjavík, á Selfossi og Kvískerjum, og sungu þær flestar. Barrfinka sást einnig í Reykjavík.

(eighth records), Wryneck *Jynx torquilla* (12th
record), Black Redstart *Phoenicurus ochruros* (the
first since 1985). Three Rosy Starlings *Sturnus rose-
us* were reported in the second half of August 1994.
This year was particularly poor regarding nearctic
passerines or near-passerines, no bird was recorded,
and this was the first blank year since 1968.

The three numbers in parentheses after each species name indicate, respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-1993, and (3) in 1994 (the present report). In some cases, the number of birds recorded before 1979 have not yet been compiled and is thus indicated by a hyphen (-). For a few very common vagrants or winter visitors no figures are given. The report includes records of Blackbird *Turdus merula* and Fieldfare *Turdus pilaris* from 1st September 1993 to 31st August 1994, but for all other species the calendar year applies.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date (months are abbreviated), (6) observers (in parentheses, some abbreviated). If a specimen of a bird is preserved at the Icelandic Institute of Natural History, the catalogue number is given [RM].

The following abbreviations are used: *karlf* = male, *kvenf* = female, *par* = pair, *full* = adult, *ungf* or *ung-
kar* = immature, *fd* = found dead, *fn* = found newly
dead, *fld* = found long dead, *□* = photographed (or
filmed) and identification confirmed by at least one
committee member, *☆* = collected or found dead (spe-
cies identification confirmed with a specimen), *amk* =
at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta
vetri* = first winter, *ársгамall* = first summer, *á öðr-
um vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second sum-
mer. Number of birds is usually given in words.

Gunnlaugur Bráinsson, Melbæ 40, 110
Reykjavík.

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108
Reykjavík.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands,
pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Fuglaráðstefna Líffræðifélags Íslands í nóvember 1992

Ráðstefnan „Fuglar“ var haldin á vegum Líffræðifélags Íslands í Borgartúni 6, Reykjavík, dagana 6.-7. nóvember 1992. Þar voru flutt 16 erindi um ýmislegt er fugla varðar, s.s. einstakar tegundir, nytjar, útbreiðslu, stofnstærðir og far. Fyrirhugað var að öll erindin yrðu birt í Blika sem sérstakt ráðstefnurit. Arnóri Þ. Sigfússyni, formanni undirbúningsnefndar ráðstefnunnar og þáverandi formanni Líffræðifélagsins, var falin ritstjórn ritsins. Illa gekk að ná inn greinum frá höfundum og því var ákeðið haustið 1995 að hætta við útgáfu sérheftis um ráðstefnuna. Þess í stað verða þær greinar tengdar ráðstefnunni, sem borist hafa, birtar í almennum heftum Blika. Fyrsta ráðstefnugreinin er prentuð í þessu hefti (Bliki 16) og nokkrar eru væntanlegar innan skamms (Bliki 17). Greinarnar verða merktar ráðstefnunni: *Erindi flutt á fi glaráðstefnu í nóvember 1992*. Við biðjum þá höfunda sem skiluðu greinum sínum á tilsettum tíma velvirðingar á þessum töfum og vonumst jafnframt að þetta breytta form verði til þess að þeir sem enn hafa ekki sent greinar sínar inn láti verða af því. Lesendum bendum við á að greinarnar sem borist hafa voru skrifaðar sem fyrirlestrar með það fyrir augum að þær yrðu birtar í sérstöku ráðstefnuhefti.

Líffræðifélagið lét á sínum tíma prenta rit fyrir ráðstefnuna með ágripum úr öllum fyrirlestnum (Fuglar. Líffræðifélag Íslands 1992, 21 bls). Þetta rit er víða til á bókasöfnum og enn fáanlegt hjá formanni félagsins.

Eftirfarandi erindi voru flutt á ráðstefnunni:

Ólafur K. Nielsen - Lega fálkahreiðra og fæðuval.

Einar Ó. Þorleifsson - Sunnlenskar mýrar.

Gunnlaugur Pétursson - Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi: könnun 1987-1992.

Sverrir Sch. Thorsteinsson - Fuglaveiðar á Íslandi fyrr og nú.

Árni Snæbjörnsson - Um nytjar á æðarfugli.

Árni G. Pétursson - Uppeldi æðarunga að Oddstöðum og Vatnsenda á Melrakkaslétu 1980-1992.

Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson - Viðbrögð andastofna við breytingum á fæðuframboði.

Thomas Alerstam - Mikilvægi Íslands sem viðkomustaðar fyrir hánoræna fugla á farleiðinni milli V-Evrópu og arktískra svæða. I. Bakgrunnur og rannsóknir á viðdöl vaðfugla á Íslandi að vorlagi.

Guðmundur A. Guðmundsson - Mikilvægi Íslands sem viðkomustaðar fyrir hánoræna fugla á farleiðinni milli V-Evrópu og arktískra svæða. II. Farnystur og áttun: beinar athuganir, ratsjár- og gervitunglaathuganir.

Arnór Þ. Sigfússon og Páll Hersteinsson - Stofnstærð og far silamáfs.

Hrefna Sigurjónsdóttir - Fuglar - kennslu.

Þorsteinn Einarsson - Lifnaðarhættir súlu í byrjun sólmánaðar.

Erpur Snær Hansen og Jóhann Óli Hilmarsson - Búsvæðaval lunda.

Jóhann Óli Hilmarsson og Erpur Snær Hansen - Athugun á stofnstærð og útbreiðslu sjósvölu í Elliðaey.

Arnþór Garðarsson - Svartfugl íslenskur fuglabjörgum.

Ævar Petersen - Vöktun á sjófuglastofnum.

Ritnefndin

Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum

Inngangur

Þessi er glein er lýst útbreiðslu og fjölda þriggja svartfuglategunda á Íslandi, langvíu *Uria aalge*, stuttnefju *Uria lomvia* og álku *Alca torda*, en þær ganga í daglegu tali oft undir samheitinu svartfugl.

Tegundirnar þrjár eru mjög líkar útlits (1. mynd). Langvía er stærst, vegur oft rúmlega 1000 g á varptíma, en stuttnefjan er heldur minni, oftast innan við 1000 g, og álkan er minnst, um 700 g. Langvía er mósvoert að ofan og talsvert ljósari en stuttnefjan, sem er nær svoert. Langvía er með dökkar rákir á síðum, en þar er stuttnefjan alveg hvít. Á stuttu færi má sjá að stuttnefjan er með ljósa rák utan á munnviki og ljósan nefbrodd. Álkan er kolsvoert að ofan og hvít að neðan og litaskilin eru mun skaðari en á hinum tegundunum. Hún er auðþekkt á klumbunefi og teygðu stéli.

Á Suðvesturlandi byrja langvía og álka að koma upp að björgum í febrúar, en stuttnefjan sést lítið fyrir en í apríl. Þegar gott er veður í mars-apríl sitja svartfuglarnir á sjónum undir björgunum á daginn en eru úti á sjó á nóttunni. Þegar liður á vorið leitar svartfuglinn upp í bjargið á daginn (Arnþór Garðarsson 1984, Arnór Þ. Sigfússon 1985). Varptíminn er síðari hluta má og fram í júní, langvían verpur fyrst en álka og stuttnefja síðar. Útungun tekur um 30 daga. Þegar unginn er um 20 daga gamall og aðeins fjórðungur af fullri stærð fer hann úr bjarginu og heldur á haf út í fylgd karlfuglsins (Harris & Birkhead 1985).


Allar svartfuglstegundirnar verpa í sjávarbjörgum. Langvía verpur helst á breiðum syllum, stundum ofan brúna á úteyjum og einnig í hellisskútum. Langvíur verpa þétt saman og mynda margfaldar raðir eða breiður. Stuttnefjan verpur

strjálla, á mjóum syllum, snarbröttum bergfláum eða utan í langvíubælum. Álka verpur einkum í urðum, sprungum eða þröngum þræðingum milli berglaga. Dreifing hverrar tegundar í bjargi er misjöfn og getur það haft áhrif á niðurstöður talninga. Langvían er oft á stöðum sem sjást illa ofan af bjargbrún eða neðan af sjó, en stuttnefjan dreifist jafnar, og er því hætt við að talningar gefi of háa stuttnefjutölu. Álkan fer huldu höfði og telst illa í bjargi. Á varptíma sitja langvíur og álkur í stórum stíl á sjó undir bjarginu að deginum, en lítið er um að stuttnefjur geri þetta (Arnór Þ. Sigfússon 1985).


Flestir sjófuglar verpa byggðum og til þess að áætla fjölda þeirra liggur beint við að skrá vörpin og telja í þeim öllum, annað hvort með heildartalningum eða úrtökum. Eru þá taldar skilgreindar einingar, venjulega fuglar á vaðstað eða hreiður. Oft fæst mest öryggi í talningu með því að mynda byggðirnar og telja hreiðrin af ljósmyndum. Sú aðferð hefur verið notuð til að telja skáfa (Arnþór Garðarsson 1979) og súlu *Sula bassana* (Arnþór Garðarsson 1989), en stofnar þeirra eru litlir og hreiðrin mjög sýnileg. Svipuð aðferð hefur verið notuð við ritu *Rissa tridactyla* en fjöldi hreiðra í mjög stórum vörpum var metinn með úrtaki (Arnþór Garðarsson óbirt). Erfiðara er að fást við svartfugl, því að hreiðurgerð er engin, tegundir eru nauðalíkar útlits og fjöldinn er mikill. Auk þess er mikil hætt á að talningar gefi misjafnlega rétta mynd af fjölda hverrar tegundar.

Þorsteinn Einarsson (1979) birti tölur um fjölda langvíu og stuttnefju, sem byggðust að nokkru á beinum talningum, að nokkru á útreikningum á lengd bjarga og syllufjölda og að nokkru á tölum um eggjatöku. Athuganir Þorsteins spanna 40 ára

Erindi flutt á fuglaráðstefnu í nóvember 1992.



1. mynd. Að ofan: langvía *Uria aalge* og tvær álkur *Alca torda* í Skoruvíkurbjargi, júlí 1987. Að neðan: stuttne jur *Uria lomvia* í Látrabjargi, júní 1993. – Arnþór Garðarsson.



2. mynd. Helstu aðferðir sem notaðar voru til þess að telja í fuglabjörgum: a) Talið á sniðum af bjargbrún (skyggðu svæðin). b) Talið af skámyndum sem teknar eru úr lágflugi meðfram bjarginu. Allt bjargið myndað og talið. c) Talið á sniðum á myndum sem teknar eru aftur undan flugvél á leið fram af bjarginu í um 600 m h.y.s. Myndavélinni er hallað um 25° frá lóðlínu. – The main methods used in this study to count cliff-breeding birds. (a) Transects (shaded) counted from cliff-top. (b) Counts of oblique photographs made from low flying aircraft, the whole cliff photographed and counted. (c) Counts of transects on photographs made from aircraft at about 600 m a.s.l. The camera was mounted at a 25° angle from the vertical.

tímabil, 1938-78, og eru mikið a tæk. Meðal annars sýndi hann fram á að mjög mikill hluti þessara stofna verpur í þremur björgum á Vestfjörðum, Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi. Það var því ljóst þegar ég fór að fást við að telja svartfugla 1975 að leggja þyrfti mikla áherslu á að þróa aðferðir til þess að fást við þessi stóru björg.

Aðferðir

Í litlum og meðalstórum svartfugla-byggðum (með innan við 100.000 pör) má oftast notast við venjubundnar aðferðir (sbr. Birkhead og Nettleship 1980), svo sem beinar talningar á jörðu niðri eða skámyndatöku úr lofti (2. mynd).

Talningar fóru fram að degi til (kl. 8-18) í júní og fyrri helming júlí, á Snæfellsnesi var þó talið fyrri (25.-26. maí) og fáeinir athuganir eru síðar (til 23. júlí). Niðurstöður eru frá árunum 1983-86, en auk þess eru teknar með athuganir frá tímabilinu 1975-94. Flestar talningar voru

byggðar á myndum sem teknar voru úr lofti. Notuð var 70 mm (eða 6x6 cm) litfilma (Kodak Ektachrome 64 og 200 ASA). Talningamyndir voru teknar með 250 mm linsu en yfirlitsmyndir með 50 mm og 80 mm linsum. Flest björgin voru mynduð frihendis í heild úr flugvél í um 100-200 m hæð og svartfuglinn talinn af myndum.

Í fjórum gríðarstórum björgum, Látrabjargi, Rit, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, er varla gerlegt að beita venjulegum talningaraðferðum. Þar voru loftmyndir teknar af sniðum. Beitt var myndatöku úr um 600 m hæð með svipuðum útbúnaði og notaður er til lóðréttar myndatöku, en myndavélinni var hallað um 25° miðað við lóðrétta línu. Flogið var þvert út af björgunum og myndir teknar aftur undan flugvélinni (2. mynd).

Í Hafnabergi, björgum á Snæfellsnesi og í Papey var beitt heildartalningu á staðnum, en Papey var einnig talinn af myndum (sbr. Tafla 9). Í Krísuvíkurbergi,

Grimsey og Skoruvíkurbjargi var talið á sniðum af bjargbrún. Í minnstu byggðunum, þar sem einungis eru fáeinar álkur, var stuðst við athuganir á staðnum og birtar upplýsingar.

Tegundasamsetning var skoðuð sérstaklega á hverjum stað. Hlutdeild svartfuglategunda í bjargi var metin, og var fjöldi langvíu og stuttnefju reiknaður út frá henni. Fjöldi álku fékkst með því telja svartfugla á sjónum undir bjarginu og reikna út frá hlutfallinu á milli álku og langvíu. Er þar gengið út frá því að þessar tvær tegundir skipti tíma sínum eins (Arnór Þ. Sigfússon 1985). Í Látrabjargi, Rit, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi var tegundasamsetning áætluð út frá hlutdeild tegunda meðal svartfugla á flugi að og frá bjargi í júní á tímabilinu kl. 6-22, þegar birta leyfði örugga ákvörðun.

Til þess að meta fjölda varppara út frá fjölda fugla sem sést, þarfi að taka tillit til viðveru varpfugla og fjölda geldfugla, en hvort tveggja er breytilegt, m.a. eftir árstíma og yfir sólarhringinn. Hér er stuðst við athuganir í Látrabjargi, þar sem um 70% af stuttnefjum í bjargi eru á eggjum að deginum í júníbyrjun. Í Hafnabergi er viðvíst varpfugla í bjargi í júní um 65% (Arnór Þ. Sigfússon 1985), en athuganir við Látrabjarg benda til þess að geldfugl sé kringum 10% af svartfuglinum. Til þess að fá fjölda para hef ég valið þá leið hér að margfalda áætlaðar tölur svartfugla í bjargi með 0,7 og 95% öryggismörkin með 0,65 og 0,75. Nokkur óvissa stafar af því að hlutdeild tegunda er metin í takmörkuðu úrtaki. Mesta óvissan í mati á fjölda í öllum stærri björgum stafar þó af ójafnri dreifingu þar. Til frekari glöggvunar eru útreikningar á fjölda raktir ítarlega í kaflanum um Ingólfshöfða.

Niðurstöður

Ingólfshöfði

Ingólfshöfði er sæbrattur grágrýtishöfði við austurjaðar Skeiðarársands (Tafla 1). Auk bjargfugla verpur þar mikið af lunda

Fratercula arctica. Á flugmyndum frá 7.6.1984 töldust alls 12820 svartfuglar. Hinn 8.7.1986 var talið á mörgum sniðum í bjarginu og 4889 svartfuglar ákvarðaðir: 3802 langvíur, 60 stuttnefjur og 1027 álkur. Stuttnefjurnar voru nær allar á einum stað austan víta. Hlutföll tegunda á sjó voru könnuð 28.6.1984 (en þá töldust 503 langvíur, 6 stuttnefjur og 199 álkur) og 8.7.1986 (682 langvíur, 27 stuttnefjur, 435 álkur). Samtals eru þetta 1185 langvíur og 634 álkur og er hlutfallið 634/1185 (0,535) notað til að áætla fjölda álku.

Fjöldi langvíu í Ingólfshöfða var því: 12820 x 3802/4889, eða 9970, og fjöldi stuttnefju: 12.820 x 60/4889, eða 157. Fjöldi álku var 5334, þ.e. 0,535 x 9970 langvíur. Fjöldi para (Tafla 2) er fenginn með því að margfalda þessar tölur með hlutfalli hreiðra á fugl í bjargi (0,7): 7000 langvíupör, 110 stuttnefjupör og 4500 álkupör.

Hálf dán Björnsson (1976) taldi að langvíu færi heldur fjölgandi í Ingólfshöfða. Þorsteinn Einarsson (1979) taldi í Ingólfshöfða árið 1965 og áætlaði að þar yrðu 1500 langvíupör (um 1/4 af tölunni í Töflu 2) og 15 stuttnefjupör. Enskir skóla-leiðangrar (Collier & Stott 1976, Collier 1979) fengu mjög svipaðar tölur fyrir langvíu og fengust 1984, eða 10.550 fugla (1974), 12.250 (1975) og 9100 (1977). Fjöldi langvíu í Ingólfshöfða hefur því haldist stöðugur 1974-84, en henni virðist hafa fjölgað áratuginn þar á undan.

Reynisdrangar

Dálitlar svartfuglabyggðir eru í Reynisdröngum, Skessudrang og klettanibbu austan í Reynistjalli er Klakkur nefndist en hrundi í jarðskjálfta 1989. Á flugmyndum frá 7.6.1984 töldust 2210 svartfuglar alls 1780 í Reynisdröngum, 300 í Klakki og 130 í Skessudrangi. Hinn 27.6.1984 taldi ég 760 langvíur og 3 álkur í björgum, en 74 langvíur og 2 álkur á sjó við Reynisdranga. Engin stuttnefja sást. Samkvæmt þessu voru rúmlega 1500 langvíupör og 40 álkupör í Reynisdröngum.

Dyrhólaey

Dyrhólaey er sæbrattur móbergshöfði þar sem nokkuð verpur af bjargfuglum, en þó aðallega á þremur dröngum skammt undan landi. Á flugmyndum frá 7.6.1984 töldust 6317 svartfuglar í Dyrhólaey og dröngunum: 395 í Dyrhólaey, 2614 í Háa-drangi (aðallega uppi á drangnum), 640 í Lundadrangi, 2620 í Máfadrangi og 48 í Kambi. Svæðið var kannað af landi 27.6.1984 og voru taldar 478 langviur og 7 álkur í björgum, en 500 langviur og 35

álkur á sjó. Engin stuttnefja sást. Þessar tölur benda til um 4400 langviupara alls og um 300 álkupara.

Ves mannaeyjar

Björgin í Vestmannaeyjum eru flest úr móbergi og eru samtals 29 km löng (sbr. Tafla 1). Talningar eru byggðar á myndatöku úr lofti 7.7.1983 (Geirfuglasker, Súlasker, Geldungur) og 7. og 14.6.1984 (aðrar eyjar).

Tafla 1. Yfirlit yfir íslensk svart uðlabjörg: hnattstaða, stærð og gerð. – *Cliffs occupied by murre and Razorbills in Iceland: position, size and rock type.*

Staður <i>Locality</i>	Hnattstaða <i>Position</i>		Lengd <i>Length</i>	Meðal- hæð <i>Mean height</i>	Flötur <i>Area</i>	Fjöldi bjarga <i>No of cliffs</i>	Berg- gerð ¹ <i>Rock type</i>
	N	V					
Ingólfshöfði	63°48'	16°39'	2,1	51	11	1	3
Reynisdrangar	63°26'	19°02'	0,7	39	3	3	5
Dyrhólaey	63°26'	19°08'	2,8	49	14	5	5
Vestmannaeyjar	63°27'	20°20'	29,1	66	191	22	5*
Hellar, Þorlákshöfn	63°50'	21°26'	0,1	15	0	1	4
Kr. suv kurberg	63°50'	22°04'	6,5	54	35	1	4*
Karlinn, Reykjanesi	63°49'	22°44'	0,1	30	0	1	5
Eldey	63°44'	22°58'	0,7	60	4	1	5
Hafnaberg	63°45'	22°45'	1,3	20	3	1	4
Hólmsberg	64°02'	22°34'	2,5	20	5	1	3
Þúf. bjarg o.fl.	64°44'	22°45'	5,3	26	14	6	4*
Svörtuloft	64°52'	23°03'	2,1	20	4	1	4
Látrabjarg	65°30'	24°30'	11,5	284	327	2	1
Bjarnarnúpur	65°32'	24°28'	1,0	50	5	1	1
Riturinn	66°21'	23°11'	2,5	90	23	1	1
Hælav kur- og Hornbjarg	66°27'	22°30'	11,2	269	302	2	1
Drangey	65°56'	19°42'	3,2	100	32	2	5
Grimsey	66°33'	18°00'	6,0	55	33	1	1
Mánáreyjar	66°18'	17°07'	1,7	28	5	2	5
Rauðinúpur	66°31'	16°33'	1,9	76	14	1	5
Súlur	66°25'	15°51'	2,9	20	6	1	5
Skoruvíkurbjarg	66°23'	14°52'	2,3	55	13	1	1
Langanesbjörg	66°22'	14°36'	9,1	48	43	1	1
Skrúður	64°54'	13°38'	1,5	90	14	1	2
Papey	64°35'	14°10'	3,6	20	7	6	2
Samtals – Sum			111,6		1106	66	

¹ Berggerð – *rock type*: (1) Lagskipt tertært basalt – *Layered tertiary basalt*. (2) Basalt innskot – *Basalt intrusion*. (3) Grágrýti – *Dolerite*. (4) Nútímahraun – *Postglacial lava*. (5) Móberg – *Palagonite*.

* að mestu – *mostly*.

Tafla 2. Fjöldi svartfugla í íslenskum fuglabjörgum. Áætlaður fjöldi para (95% öryggismörk). – *Numbers of auks in Icelandic colonies. Estimated number of pairs (95% confidence limits).*

Staður <i>Locality</i>	Ár <i>Year</i>	Aðferð <i>Method</i>	Langva <i>Uria aalge</i>	Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	Álka <i>Alca torda</i>
Ingólfshöfði	1984,86	F1	7000 (6400-7600)	110 (80-150)	4500 (4080-4840)
Reynisfjall	1984	F1	1540 (1420-1660)	0	40 (0-110)
Dyrhólaey	1984	F1	4360 (4000-4720)	0	300 (190-450)
Vestmannaeyjar	1983,84	F1	57000 (52900-61000)	210 (60-380)	5600 (4030-7330)
Hellar, Þorlákshöfn	1983	L1	0	0	15 (0-30)
Krisuvíkurbjarg	1985	L2	20000 (12700-27600)	2600 (1240-4130)	8700 (5200-13040)
Karlinn, Reykjanesi	1983,87	L1	0	0	5 (0-10)
Eldey	1977,84	F1	2700 (2380-3030)	510 (350-690)	0
Hafnaberg	1985	L1	600 (560-640)	80 (75-90)	380 (310-450)
Hólmsberg	1982(77)	F0	0	0	10 (0-30)
Þúfubjarg o.fl.	1983	L1	1370 (1270-1470)	240 (220-260)	710 (540-920)
Svörtuloft	1983	L1	1110 (1030-1190)	840 (780-900)	470 (360-600)
Látrabjarg	1985-89	F2	298000 (209000-402000)	118000 (80000-164000)	230000 (152000-329000)
Bjarnarnúpur	1985	F1	1110 (870-1390)	670 (490-900)	960 (660-1370)
Riturinn	1985	F2	18000 (9100-29600)	12000 (5600-20000)	3000 (1190-6200)
Hælavíkur- og Hornbjarg	1985	F2	438000 (237000-674000)	397000 (214000-612000)	70000 (35000-117000)
Drangey	1984,85	F1	5700 (5260-6190)	21500 (19700-23200)	1230 (930-1580)
Grímsey	1983,85	L2	62000 (54400-69600)	7100 (4400-10100)	32000 (26300-38800)
Mánáreyjar	1981(84)	F0	0	0	60 (30-90)
Rauðinúpur	1984	F1	2100 (1910-2330)	760 (650-870)	840 (680-1020)
Súlur	1993	L1	0	0	30 (10-70)
Skoruvíkurbjarg	1986	L2	30000 (17100-43600)	12000 (7500-17300)	3700 (1930-6120)
Langesbjörg	1984	F1	30000 (27500-32800)	3500 (3200-3810)	15400 (12900-18200)
Skrúður	1984-86	F1	9700 (8900-10440)	2280 (2100-2470)	250 (200-320)
Papey	1985(84)	L1	2050 (1905-2200)	50 (47-54)	190 (130-250)
Samtals – <i>Sum</i>			992340	579450	378390

Aðferðir – *Methods*: **F0** Lágflugsmyndir + heimildir. – *Low-level aerial photographs + published sources*. **F1** Lágflugsmyndir (heildartala) + talningar á vettvangi. – *Low-level aerial photographs + ground surveys*. **F2** Sniðmyndir + talningar á vettvangi. – *Transects photographed from air + ground surveys*. **L1** Heildartalning á vettvangi. – *Total count on ground*. **L2** Sniðtalningar á vettvangi. – *Transect counts on ground*.

Svartfugl verpur á 22 stöðum (Tafla 3), mest í Bjarnarey, Elliðaey, Suðurey og Hellisey. Langvía verpur í bæli ofan brúna austast á Geldungi og á tveimur stöðum á Súlaskeri, önnur vörp eru í björgum. Langvía er yfirgnæfandi í jölda. Eg. taldi ekki stuttnefju í Vestmannaeyjum en styðst hér við ágiskun sem er byggð á grein Þorsteins Einarssonar (1979), en hann telur upp 9 staði þar sem stuttnefja finnast og áætlaði að hún væri um 100 pör alls og næði ekki 1% af heildarfjölda langvíu og stuttnefju. Hlutföll tegunda á sjó voru athuguð dagana 9.-10.7.1984 við allar eyjarnar, frá Geirfuglaskeri að Elliðaey. Alls sáust 859 langvíur og 84 álkur, og er fjöldi áлку, um 5600 pör, metinn út frá því hlutfalli. Tegundasamsetning í björgum var ekki könnuð og er reiknað með 100% hlutdeild langvíu í útreikningum. Þetta veldur að vísu lítils háttar ofnati, en það skiptir mjög litlu máli samanborið við aðra skekkjuvalda.

Áætlaður fjöldi langvíupara í Vestmannaeyjum 1983-84, 57.000, er talsvert minni en Þorsteinn Einarsson (1979) áætlaði. Sennilegt virðist að mismunurinn stafi af mismunandi túlkun á talningagögnum fremur en raunverulegri fækkun.

Hellar

Í lágu bjargi nálægt Hellum við Keflavík vestan Þorlákshafnar hafa lengi orpið fáeinar álkur. Ég skoðaði þetta bjarg 18.7.1983 og fann þar 21 áлку, aðallega á sjónum en einnig sáust þær koma úr bjarginu.

Krísuvíkurborg

Krísuvíkurborg sunnan á Reykjanes-skaga er um 6,5 km langt og er að mestu úr hraunlagastafla en vestan til (Skriðan) er rauðagjall og móberg. Mest er af ritu, en einnig er mikið af svartfugli, einkum í mið- og austurhluta bergsins.

Talið var á 38 sniðum í Krísuvíkurborgi og á sjónum undir því 26. og 27.6.1985 (Tafla 4). Í úrvinnslu var berginu skipt í tvo hluta um Fuglastein, sem er

austan við Skriðuna. Um 20.000 langvíupör, 2600 stuttnefjupör og 9000 álkupör voru áætluð í Krísuvíkurborgi 1985.

Ég hef áður birt tölur um svartfugl í Krísuvíkurborgi (Arnþór Garðarsson 1984) og eru þær að mestu byggðar á könnun af brún, sem var gerð 3.6.1975 og náði til 4,5 km, og talningum af myndum teknum úr lofti 18.6.1977. Niðurstöður 1975 voru um 11.500 langvíupör og 3600

Tafla 3. Fjöldi svartfugla sem taldir voru á skámyndum af Vestmannaeyjum 7. júlí 1983 (Geldungur, Súlasker, Geirfuglasker) og 7. og 14. júní 1984 (önnur björg). – *Numbers of auks counted on oblique aerial photographs from the Vestmannaeyjar on 7 July 1983 (Geldungur, Súlasker, Geirfuglasker), 7 and 14 June 1984 (other cliffs).*

Staður – Locality	Fjöldi Numbers
Elliðaey *	13520
Bjarnarey *	23210
Heimaey:	
Stórhöfði *	3020
Ofanleitishamar	60
Dalfjall-Klif *	840
Heimaklettur-Ystiklettur	1250
Smáeyjar:	
Grasleysa	280
Hrauney *	1850
Hani	290
Hæna	530
Jötnun	130
Suðurey *	11180
Álsey *	5650
Brandur:	
Brandur	560
Hafnarðrangur	240
Gyrðisdrangur	190
Máfadrangur	1370
Hellisey *	7020
Geldungur:	
Stóri Geldungur	4080
Litli Geldungur	220
Súlasker *	3200
Geirfuglasker	2610
Vestmannaeyjar alls – total	81300

* Stuttnefja í varpi skv. Þorsteini Einarssyni (1979). – *Locality with breeding Uria lomvia (Einarsson 1979).*

Tafla 4. Talningar á sniðum í Krísvíkurbergi og á sjó undir bjarginu 26. og 27.6.1985. Meðalfjöldi svartfugla miðað við 30 m breið snið $\pm$ staðalfrávik. – *Results of censuses at Krísvíkurborg on 26 and 27 June 1985; transects of cliff and total on sea below the cliff. Mean numbers of auks on 30 m transects $\pm$ standard deviation.*

	Langvía <i>Uria aalge</i>	Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	Álka <i>Alca torda</i>	n
Bjarg – <i>Cliff</i>				
austan Fuglasteins (3,5 km)	221 $\pm$ 150	29 $\pm$ 31	66 $\pm$ 66	31
vestan Fuglasteins (3,0 km)	24 $\pm$ 36	3 $\pm$ 6	3 $\pm$ 3	7
Á sjó – <i>Sea</i>	2567	69	1129	

stuttnefjupör, með þeim fyrirvara að stuttnefja kann að vera ofmetin. Flugmyndirnar frá 1977 sýna rúmlega 22.000 svartfugla í öllu bjarginu og styðja niðurstöðuna frá 1975. Eftir þessu að dæma jölgaði langvíu í Krísvíkurbergi um tæplega 6% á ári á tímabilinu 1975-85. Þorsteinn Einarsson (1979) gefur aðeins 3000 langvíupör og 600 stuttnefjupör árið 1958, en hann hefur bent mér á að þær tölur séu of lágt áætlaðar og ekki sambærilegar við síðari tölur.

Dagana 5. og 6.7.1994 voru talningar endurteknaðar á 22 sniðum (725 m) í Krísvíkurbergi, en talið var á sömu sniðum 1985. Alls voru taldaðar 3952 langvíur (voru 3715 á sömu sniðum 1985), 252 stuttnefjur á 18 sniðum (áður 366) og 924 álkur (áður 1324). Tala langvíu er samkvæmt þessu óbreytt, en stuttnefju hefur fækkað (Wilcoxon próf, $T = 38$, $P < 0,05$) og nemur árleg fækkun að meðaltali 4,1%. Á sjónum undir berginu voru 2054 langvíur, 22 stuttnefjur og 1308 álkur og er hlutfall álku marktækt hærri en 1985 ($\chi^2 = 12,41$, $P < 0,001$).

Karlinn við Reykjanes

Karlinn er móbergstrandur skammt undan Reykjanesi. Álkur sjást þar á varptíma og má telja fullvíst að þær verpa eitt-hvað þar. Ein álka sást 17.5.1983 við sprungu í Karlinum og tvær á sjónum fyrir neðan. Í júní 1987 sást 7 álkur sitja uppi og 49 á sjónum (Kristinn H.

Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989). Fimm eða sex álkur sást á Karlinum 12.7.1994.

Eldey

Eldey er hár móbergskletur um 14 km undan Reykjanesi. Súluvarp er uppi á eyinni og á breiðum syllum, en í bjarginu veður talsvert af langvíu og stuttnefju og fáeinir svartfuglar meðfram sprungnum brúnunum. Á flugmyndum frá 18.6.1977 sjást 4583 svartfuglar. Hlutföll tegunda voru könnuð 9.7.1984 og greindust 260 langvíur og 49 stuttnefjur í bjargi, en enginn svartfugl sást á sjónum næst Eldey. Engin álka sást 1984, en Þorsteinn Einarsson (1987) fann 50 álkur í Eldey 9.7.1960. Áætlaður fjöldi 1977-84 var um 2700 langvíupör og 500 stuttnefjupör, en Þorsteinn Einarsson (1979) áætlaði fjöldann 1500 fyrir langvíu og 650 fyrir stuttnefju árið 1960. Mismunurinn er varla marktækur.

Hafnaberg

Hafnaberg er lágt bjarg vestan á Reykjaneseskaga. Bergið er myndað af hraunlögum og inn í það ganga vikur og hellisskútar. Talið var í Hafnabergi af landi 15.7.1982 og aftur 25.6.1985. Síðari talningin er lögð til grundvallar í Töflu 2. Þá voru í bjargi 858 langvíur, 119 stuttnefjur og 103 álkur, en á sjó fundust 838 langvíur, 14 stuttnefjur og 529 álkur. Í júl 1982 voru taldaðar í bjargi 460 lang-

Tafla 5. Svartfuglatalningar á Snæfellsnesi 1983. Fjöldi í hverju bjargi og heildarfjöldi á sjó undir björgunum. Talið var 25. og 26.5. í Þúf bjargi og nágrenni, nema í Lónsbjargi sem var talið 23.7. Talið var 26.5. í Svörtuloftum. – *Censuses of auks at Snæfellsnes in 1983. Totals in each cliff and sum s on the sea below.*

Staður <i>Locality</i>	Langvía <i>U. aalge</i>	Stuttnefja <i>U. lomvia</i>	Álka <i>A. torda</i>
Þúfubjarg o.fl. bjarg – <i>cliff</i> :			
Sölvahamar	0	0	1
Hellnabjörg	46	0	11
Þúfubjarg	1021	48	124
Svalpúfa	786	165	92
Lóndrangar	92	124	13
Lónsbjarg	13	0	104
Þúfubjarg o.fl. sjór – <i>sea</i> :	252	12	57
Svörtuloft bjarg – <i>cliff</i> :	1586	1203	869
Svörtuloft sjór – <i>sea</i> :	369	85	277

víur, 87 stuttnefjur og 104 álkur, en 444 *Uria* spp. voru ekki ákvarðaðar til tegundar. Á sjó þennan dag voru 354 langvíur, 4 stuttnefjur og 249 álkur. Þessi talning gefur mjög svipaða niðurstöðu og 1985, en tala stuttnefju verður heldur hærri og kann það að stafa af athugunarskekkju.

Alls voru áætluð um 600 langvíupör, 80 stuttnefjupör og 380 álkupör. Þorsteinn Einarsson (1979) gefur tölurnar 600 pör fyrir langvíu og 300 pör fyrir stuttnefju 1949 og 1959. Fjöldi langvíu hefur því staðið í stað en stuttnefju fækkað.

Talning í Hafnabergi 12.7.1994 gaf í bjargi 647 langvíur, 102 stuttnefjur og 135 álkur, en á sjó fundust 663 langvíur, 28 stuttnefjur og 304 álkur. Hlutföll stuttnefju og langvíu í bjargi voru óbreytt frá 1985 ($\chi^2 = 0,50$, $P < 0,50$), en hlutfall álku á sjó hafði lækkað ($\chi^2 = 12,41$, $P < 0,001$).

Hólmsberg

Hólmsberg á Miðnesi er úr grágrýti og snýr að Faxaflóa. Þar er aðallega rita og fyll *Fulmarus glacialis*. Ævar Petersen og Erling Ólafsson (1986) rekja tarlega heimildir um svartfugla í Hólmsbergi. Þeir áætluðu að 6 álkupör yrpu þar 1982.

Þúfubjarg o. fl.

Þúfubjarg og nokkur minni háttar fuglabjörg sunnan og vestan á Snæfellsnesi utanverðu eru hér tekin saman (Tafla 5). Björgin eru ýmiss konar hraunmyndanir, en Svalpúfa og Lóndrangar eru úr móbergi. Mestallur svartfuglinn verpur í Þúfubjargi og Svalpúfu en í björgunum við Hellna og Stapa er yfirgnæfandi rita.

Heildartala svartfugla í Þúfubjargi og nálægum björgum var áætluð 25.-26.5.1983 um 1400 langvíupör, 240 stuttnefjupör og 700 álkupör. Langvíutalan er tvöföld miðað við 1954, en stuttnefjan er svipuð (Þorsteinn Einarsson 1979). Sumarið 1983 dvaldist breskur skólaleiðangur á Snæfellsnesi og töldu þátttakendur sjófugla í þessum björgum 9. og 15.7. (Quinnell 1984). Tölur þeirra fyrir langvíu eru næstum þær sömu og hér eru gefnar, en fyrir stuttnefju eru þær mun hærri (543 fuglar alls, í stað 337). Ég tel sennilegast að talning mín í máilok hafi verið gerð fullsnemma og sé í lægri kantinum vegna þess að stuttnefjan hafi ekki verið ópin.

Svörtuloft

Svörtuloft (Nesbjörg) eru yst á Snæfellsnesi, sunnan við Öndverðanes. Bjarg-

Tafla 6. Talningar á sniðmyndum af vestfirskum fuglabjörgum 1985. Myndir af Látrabjargi eru frá 20.6.1985, myndir af öðrum björgum frá 3.7.1985. – *Counts on photographic transects of birdcliffs in Northwest Iceland 1985.*

Staður <i>Locality</i>	Fjöldi svartfugla <i>Number of auks</i>		Snið <i>Transects</i> n	Breidd <i>Width</i> m	Bjarg <i>Cliff</i> km
	Meðaltal <i>Mean</i>	St.frávik <i>S.D.</i>			
Látrabjarg	3006	1624	23	50	11,5
Riturinn	1708	556	4	100	2,5
Hælavíkurbjarg	4449	4976	14	30	5,0
Hornbjarg	2185	1682	14	30	6,2
Hælavíkur- og Hornbjarg*	3193	3645	28	30	11,2

* Vegið með bjarglengd. – *Weighted according to length of cliff.*

ið er myndað úr rofnu hrauni og er mikið af hellum undir því. Bæði langvíur og álkur verpa í hellunum og hlutfall álku miðað við langvíu í bjarginu er óvenju hátt þar í samanburði við töluna sem fæst á sjónum (Tafla 5). Þetta gæti bent til þess að fjöldi langvíu í Svörtuloftum sé vanmetinn.

Fjöldi svartfugla í Svörtuloftum 26.5.1983 var áætlaður 1100 langvíupör, 840 stuttnefjupör og 470 álkupör (sbr. Tafla 2). Langvítalan 1983 er fjórföld miðað við 1954, en stuttnefjan er næstum eins (Þorsteinn Einarsson 1979). Talning 11.-12.7.1983 (Quinnell 1984) gefur 27% hærri tölur en í maílok fyrir langvíu (2018 fuglar í stað 1586) og 49% hærri fyrir stuttnefju (1787 í stað 1203).

Látrabjarg

Látrabjarg, frá Bjargtöngum austur á Brimnes við Keflavík, er tæplega 14 km langt, meðalhæðin er um 280 m en mesta hæð 441 m. Bjargið veit í suður og er úr blágrýtslögum með þykum millilögum. Á nokkrum stöðum undir bjarginu eru urðir, en stærst þeir ra er Stóruurð. Utan og neðan til er bjargið þverhnipt, en efri og austari hlutarnir eru meira aflíðandi og vel grónir. Lambahlíðar skipta bjarginu í tvær samfelldar svartfuglabygðir, og er sú austari (Keflavíkurbjarg) um 1 km löng en vestari byggðin nær yfir 10,5 km vegalengd, frá Eyjarskorannúp út á Bjargtanga.

Í Hesti undir Keflavíkurbjargi var ekki talið sérstaklega.

Langvía verpur mest á breiðum syllum, sem eru aðallega neðan til í Látrabjargi, en stærsta syllan (Miðlandahilla) er um 3 km löng. Stuttnefja, sem hér nefnist nefskeri, verpur dreift á mjóum syllum og snarbröttum fláum. Hvergi er meira af álku en í Látrabjargi, og verpur hún víða á grýttum fláum, í þröngum þræðingum og urðum. Í bjarginu er mesta fýlabbyggð landsins og þar er einnig mikið af lunda og ritu.

Áætlaður fjöldi svartfugla í Látrabjargi er byggður á eftirfarandi tölum: 1. Talning á 50 m breiðum sniðum á myndum frá 20.6.1985 (Tafla 6). Snið með svartfugli voru 23 og náðu yfir 10% af lengd bjargs með svartfugli (11,5 km). 2. Leiðrétting fyrir hlutdeild álku í bjarginu, fengin með því að skrá hlutföll tegunda á sniðum frá brún niður í sjó víðs vegar um bjargið í júní-júlí 1986, 1987 og 1991. Alls voru 8929 svartfuglar í þessu úrtaki og var hlutdeild álku 12,7% (Tafla 7). 3. Hlutföll tegunda meðal 5578 svartfugla sem voru greindir á flugi við Bjargtanga 3.-5.6.1986 (Tafla 7). Hægt er að bera saman hlutföll álku og langvíu á flugi (0,737 álka á hverja langvíu) og á sjó (0,754) og er ekki marktækur munur á þeim ($\chi^2 = 0,472$, $0,1 < P < 0,5$, G-próf, Sokal & Rohlf 1981). Hins vegar er munur á hlutfallinu stuttnefja/langvía á flugi (0,395)

Tafla 7. Tegundasamsetning í vestfirskum fuglabjörgum, samkvæmt talningum í bjargi (B), á flugi (F) og á sjó (S). – *Species composition of birdcliffs in Northwest Iceland, according to counts on the cliff (B), in flight (F) and on the sea (S).*

Staður <i>Locality</i>		Aths. <i>Notes</i>	Álka <i>A. torda</i>	Langvía <i>U. aalge</i>	Stuttnefja <i>U. lomvia</i>	(<i>Uria sp.</i>)	Alls <i>Sum</i>
Látrabjarg	B	1	1131	5896	1902	(782)	8929
–	F	2	1986	2574	1018	(215)	5578
–	S	3	3985	5260	548	(69)	9793
–	S	4	792	1074	40	–	1906
Bjarnarnúpur	B	5	110	159	97	–	366
–	S	5	412	478	140	(9)	1030
Riturinn ⁶	F	6	53	248	161	(13)	462
–	S	6	34	268	38	–	340
Hælavíkur- og Hornbjarg	F	7	731	4554	4129	(314)	9414
–	S	8	180	1002	39	(9)	1221
–	S	9	507	4221	241	(106)	4969

(1) Bæjarbjarg - Bjargtangar. Talið á sniðum frá brún til sjávar 3.-4.6.1986 og 19.7.1987. Sleppt er Stefni, en þar er stuttnefja í miklum meirihluta, t.d. 3.6.1986: 347 langvíur, 1245 stuttnefjur og 8 álkur. (2) Af Bjargtöngum 3.-5.6.1986. (3) Af brún, Keflavíkurbjarg-Bjargtangar 3.-5.6.1985 og 1986. (4) Af báti, Keflavíkurbjarg-Bjargtangar 12.7.1987. (5) Bjarnarnúpur talinn 4.6.1985. (6) Riturinn af báti 14.6.1985. (7) Við Hæl 9.-11.6.1985. (8) Við Hælavíkurbjarg 10.6.1985. (9) Við Hornbjarg 9. og 12.6.1985.

og í bjargi (0,323) tölfræðilega marktækur ($X^2 = 13,480$, $P < 0,005$), þótt í'till sé, og gæti það stafað af því hve erfitt er að fá óskekkt mynd af hlutföllum þessara tegunda með talningum í bjarginu.

Niðurstaðan (Tafla 2) er að 298.000 langvíupör, 118.000 stuttnefjupör og 230.000 álkupör hafi orpið í Látrabjargi um 1985. Tölurnar fyrir langvíu og stuttnefju eru mun lægri en Þorsteinn Einarsson (1979, 1986) gefur samkvæmt könnun sinni 1956, en skekkjumörk eru við í þessum tölum og tel ég því ekki rétt að álykta að verulegar breytingar hafi orðið á þessum stofnum í Látrabjargi 1956-85.

Bjarnarnúpur

Í Bjarnarnúpi milli Látravíkur og Breiðavíkur er um 1 km langt standberg með svartfugli og ritu. Þar töldust alls 3650 svartfuglar á myndum frá 20.6.1985. Hlutföll tegunda voru metin 4.6.1985 (Tafla 7). Alls voru áætluð um 1100 langvíupör, 700 stuttnefjupör og 1000 álkupör í Bjarnarnúpi. Engar aðrar talningar hafa verið gerðar.

Ritur

Riturinn nefnist endinn á Grænuhlíð, norðanvert við mynni Ísafjarðardjúps. Fjallið (hæð 482 m y.s.) er að mestu girt hamrabeltum þar sem mikið verpur af fýl. Neðst eru um 80-100 m há hengiflug þar sem svartfuglabýggðir ná yfir 2,8 km gegnt vestri og norðri, en ritubýggð er á 1 km löngu beltí að norðan. Svartfugl var talinn á flugmyndum af þjórum 100 m breiðum sniðum í Ritnum 3.7.1985 (Tafla 6) og hlutföll tegunda á flugi og á sjó metin 14.6.1985 (Tafla 7). Áætlaður fjöldi para var: langvía 18.000, stuttnefja 12.000 og álka 3000 (Tafla 2). Engar aðrar birtar tölur liggja fyrir úr Ritnum.

Hælavíkurbjarg og Hornbjarg

Nyrst á Hornströndum eru tvö gríðarstór fuglabjörg sem eru tekin hér saman: Hælavíkurbjarg (5 km langt) og Hornbjarg (6,2 km). Meðalhæð er 269 m, en mesta hæð er 534 m. Milli bjarganna er Hornvík, um 4 km breið. Björgin snúa í norður og norðaustur og eru í skugga

mestallan daginn. Í um 100-150 m hæð nálægt miðju Hælavíkurbjargs eru Gránefir, stórir stallar á milli gilja. Nokkur fuglabýggð er í Súlustapa undir Hælavíkurbjargi, en ekki var talið þar sérstaklega. Sunnan Fjala, sem marka suðurenda Hornbjargs, taka við önnur björg en þar fannst enginn svartfugl 1985.

Talningar í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi eru byggðar á myndum teknum 3.7.1985. Í hvoru bjargi voru talin 14 snið, hvert þeirra 30 m breitt (Tafla 6). Nauðsynlegt var að vinna bæði björgin sem eina heild, vegna þess að skipting í tegundir byggist á talningum fljúgandi svartfugla, sem voru gerðar 9.-11.6.1985 við Hæl, vestast í Hælavíkurbjargi, í sterkri norðaustan- og austanátt. Hlutfall álku og langvíu á flugi (0,161 álka á hverja langvíu, Tafla 7) var ekki marktækt frábrugðið hlutfalli á sjó (0,157, vegið með $\bar{x}$ jölda í björgunum, $X^2 = 0,095$, $0,5 < P < 0,9$). Hlutföll tegunda í bjargi voru ekki metin.

Alls er áætlað að fjöldi svartfuglapara í þessum björgum sé: langvía 438.000, stuttnefja 397.000 og álka 70.000. Öryggismörkin eru mjög við, eða um $\pm 50\%$ af áætluðum fjölda (Tafla 2).

Mun meiri svartfugl var í Hælavíkurbjargi (742.000 fuglar) en Hornbjargi (452.000), en dreifingin er afar ójöfn í Hælavíkurbjargi (Tafla 6) sem stafar einkum af því að mjög mikið af langvíu verpur á Gránefjum. Líklega er stuttnefja nokkuð jafndreifð í björgum þessum og ætti því að skiptast milli þeirra í hlutfalli við bjarglengd, þannig að 5/11,2 (177.000 pör) væru í Hælavíkurbjargi en 6,2/11,2 (220.000 pör) í Hornbjargi. Álka gæti einnig dreifst á sama hátt. Fjöldi langvíu má þá áætla mjög gróflega með frádrætti: 342.000 pör í Hælavíkurbjargi og 96.000 í Hornbjargi.

Þorsteinn Einarsson (1979) gefur 3-4 sinnum hærri tölur fyrir Hornbjarg 1958 en hér er tíundað. Hann áætlaði jöldann í Hælavíkurbjargi út frá niðurstöðu úr Hornbjargi. Með hliðsjón af því hversu erfitt er að áætla fjölda í þessum björgum

virðist mér að skekkjumörk séu langtum víðari en svo að hægt sé að gera sam-anburð milli áranna 1958 og 1985. Þess skal getið að tölur sem Martin Sharp og leiðangursfélagar (handrit) áætluðu fyrir svartfugl á þessum slóðum kuldasumarið 1979 eru miklu lægri en hér kemur fram, en talningar þeirra voru gerðar fremur seint að sumrinu. Eg tel ekkert unnið við að reyna að túlka svartfuglatölur Sharps og félaga frekar, og fjarri lagi að þær bendi til fækkunar eins og Nettleship og Evans (1985) gefa í skyn.

Drangey

Drangey á Skagafirði er há móbergs-eyja og meira innfjarða en aðrar slenskar svartfuglabýggðir. Sunnan við Drangey er kletturinn Kerling. Auk svartfugls er mikið af lunda og ritu í Drangey. Á myndum frá 2.7.1984 töldust alls 38.390 svartfuglar í Drangey og 1250 í Kerlingu. Tegundasamsetning var könnuð 5.7.1985 og voru þá taldar í bjargi 1430 langvíur, 5362 stuttnefjur og 139 álkur, en á sjó 648 langvíur, 905 stuttnefjur og einnig 139 álkur. Út frá þessum tölum er áætlað að um 6000 langvíupör, 21.000 stuttnefjupör og 1200 álkupör væri í Drangey (Tafla 2). Miðað við 1954 (Þorsteinn Einarsson 1979) virðist langvíu hafa fjölgað en stuttnefju fækkað. Heildarfjöldi stuttnefju og langvíu 1984-85 er aðeins um helmingur af fyrri tölu.

Grimsey

Björgin í Grimsey eru aðallega að austan, en einnig að norðvestan. Þau eru þéttsetin ritu og svartfugli, en í urðum undir björgunum eru miklar álkubýggðir. Talningar á sniðum 9.7.1983 náðu yfir um 1/7 hluta Grímseyjarbjarga. Hlutfall álku á sjó var metið 9.-10.7.1983 og 3.-5.7.1985 (Tafla 8). Sniðin voru alls 872 m og misjafnlega breið. Úrvinnslu voru tölur fyrir hvert snið staðlaðar miðað við að breiddin væri 100 m, einnig voru nokkur mjó snið á hæsta hluta eyjarinnar sameinuð. Björgunum var skipt í þrjú svæði

Tafla 8. Svartfuglatalningar í Grimsey. Fjöldi í bjargi er reiknaður á 100 m breið snið ± staðalfrávik. — *Counts of auks in Grimsey. Numbers on cliff as means per 100 m transects ± standard deviation.*

		Langvía <i>U. aalge</i>	Stuttnefja <i>U. lomvia</i>	Álka <i>A. torda</i>	n	Lengd <i>Length</i> km	Meðalhæð <i>Mean height</i> m
Bjarg — <i>Cliff</i>	9.7.1983	15±12	40±38	4±4	4	1,8	20
—	—	213±35	221±187	223±155	4	2,5	50
—	—	4861±416	228±144	491±97	2	1,7	100
Á sjó — <i>Sea</i>	9.-10.7.1983	373	4	276			
—	3.-5.7.1985	1906	83	910			

eftir hæð og gerð: um 20 m há jaðarsvæði (1,8 km) að suðaustan og norðvestan, kringum 50 m hátt svæði (2,5 km), og um 100 m hátt svæði (1,7 km) að austan.

Fjöldi svartfuglapara í Grimsey 1983 var áætlaður sem hér segir: langvía 54.000, stuttnefja 7000, álka 32.000. Samanlagður fjöldi langvíu og stuttnefju er því um það bil sá sami og Þorsteinn Einarsson (1979) gefur fyrir árið 1959, en hlutfall langvíu er miklu hærri. Ég tel sennilegast að þetta stafi af því að Þorsteinn hefur ekki athugað hlutföll í hæstu hlutum bjargsins þar sem langvían er yfirgnæfandi, en auðvitað er ekki hægt að útiloka að langvíu hafi fjölgað og stuttnefju fækkað að sama skapi.

Mánáreyjar

Mánáreyjar nefnast einu nafni tvær sæbrattar móbergseyjar, Lágey og Háey, 10 km úti af Tjörnesi. Þar er mest af lunda. Nokkuð verpur af álku og kemur hún fram á myndum frá 2.7.1984. Talningar 1981 bentu til um 30 álkupara í hvorri ey, en athuganir 1984 gáfu nokkru lægri tölur (Ævar Petersen 1985).

Rauðinúpur

† Rauðanúpi á Melrakkaslétu er fugla-bjarg og sjófuglar (aðallega rita og svartfugl) verpa einnig á tveimur stöpum, Sölvanöf og Karli (Jóni Trausta).

Talið var tvisvar í Rauðanúpi. Besta talan fékkst af loftmyndum frá 2.7.1984,

alls 4103 svartfuglar, þar af 1103 á meginlandinu, 970 í Sölvanöf og 2030 í Karli. Mun lægri tala (3308 alls) fékkst með því að telja hluta bjargsins af loftmyndum 14.5.1980 og hluta af landi 29.6.1982, en þá náðist ekki allt bjargið. Hlutföll tegunda voru metin 20.6.1982, 14.7.1984 og 16.6.1985. Alls voru talðar 1418 langvíur og 508 stuttnefjur í bjargi, en 1463 langvíur og 511 álkur á sjónum. Áætlaður fjöldi para er 2100 langvíur, 760 stuttnefjur og 840 álkur. Tala langvíu er mun hærri en hjá Þorsteini Einarssyni, sem gefur 700 pör 1959, og stuttnefjutalan er líka há miðað við 500 pör 1959.

Hlutföll svartfugla voru könnuð í Rauðanúpi 1.7.1994 og voru sem hér segir: 2342 langvíur, 371 stuttnefjur og 102 álkur í bjargi; 558 langvíur, 30 stuttnefjur og 109 álkur á sjó. Miðað við talningarnar kringum 1984 er hlutfallið langvía: stuttnefja í bjargi marktækt hærri ($\chi^2 = 197,7$, $P < 0,001$) og einnig langvía:álka á sjó ($\chi^2 = 24,3$, $P < 0,001$). Langvíu hefur því sennilega farið jölgandi á síðasta áratug í Rauðanúpi.

Súlur

Svolítið af álku virðist verpa innan um lunda í urðum undir Súlum, milli Ormarslóns og Sveinungsvíkur sunnan Raufarhafnar. Um 30 fullorðnar álkur sáust á sjó í Súlnahöfn 23. júlí 1984 (Ólafur K. Nielsen, munnl. uppl.). Ég kannaði þetta bjarg af landi 24. júní 1993 og fann 54

Tafla 9. Talningar svartfugla í Skoruvíkurbjargi. Meðal jöldi í bjargi á 20 m breiðum sniðum $\pm$ staðalfrávik ($n = 18$). Lengd alls bjargsins er 3,4 km. Við útreikning á jöldu er gert ráð fyrir 2,3 km bjarglengd, en 1,1 km jaðarsvæði með örfáum fuglum er sleppt. – *Counts of auks in Skoruvíkurbjarg. Mean numbers per 20 m transects $\pm$ standard deviation ($n = 18$). Totals for auks are estimated on the basis of 2.3 km of cliff, omitting a zone of 1.1 km with very few birds.*

	Dagsetning Date	Langvía U. aalge	Stuttne ja U. lomvia	Álka A. torda
Bjarg – Cliff	30.6.-2.7.86	367 $\pm$ 304	151 $\pm$ 109	29 $\pm$ 29
Sjór – Sea	30.6.-2.7.86	1932	447	280
–	6.7.84	1081	157	120

álkur á sjó við Sútur og eina í urð vestan undir bjarginu.

Skoruvíkurbjarg

Skoruvíkurbjarg á Langanesi er um 3,4 km langt og er úr kubbóttu blágrýti, en ofan til í því er þykkt rautt millilag. Við bjargið er kletturinn Stóri-Karl, en svartfugl þar var ekki talinn sérstaklega. Skoruvíkurbjarg er mjög vikótt og það ásamt berggerðinni torveldar talningar af skámyndum úr lofti.

Fjöldi svartfugla var áætlaður dagana 30.6.-2.7.1986 með beinni talningu á 18 sniðum, meðalbreidd 20 m. Tegundahlutföll á sjó voru könnuð um leið og einnig 6.7.1984 (Tafla 9). Í bjarginu öllu er mjög mikil ritubyggð, en á um 2,3 km kafla er samfelldur svartfugl. Annars staðar verpa að vísu fáeinir (e.t.v. um 100) svartfuglar en þeim er sleppt til þess að gera gögnin tölfraðilega meðfærilegri.

Fjöldi svartfugla var áætlaður sem hér segir: langvía 30.000, stuttne ja 12.000 og álka 4000 pör (Tafla 2). Fjöldi langvíu og stuttnefju er langtum meiri en Þorsteinn Einarsson gefur fyrir árið 1959 (1400 langvíupör og 1100 stuttne jupör), en samkvæmt því hefði fjöldi langvíu meir en 20-faldast og stuttnefju tífaldast. Þvílík aukning er ótrúlega mikil og virðist mér því að mat Þorsteins á fjölda svartfugla í Skoruvíkurbjargi hafi verið of lágt, en tel engu að síður sennilegt að svartfugli hafi fjölgað þar á árunum 1959-86.

Dagana 29.-30.6.1994 voru talningar endurteknar á sniðum (alls 445 m) í Skoruvíkurbjargi, sem talið hafði verið á 1986. Alls voru taldar 7293 langvíur á 18 sniðum (en voru 5211 á sömu sniðum 1986), 1868 stuttnefjur voru á 19 sniðum (2317 árið 1986) og 403 álkur á 18 sniðum (áður 405). Langvíu hefur samkvæmt þessu fjölgað um 4,3% á ári (Wilcoxon próf, $T = 5$, $P < 0,01$), en stuttnefju hefur fækkað um að meðaltali 2,7% á ári (Wilcoxon, $T = 31$, $P < 0,01$). Á sjó við bjargið voru taldar 1548 langvíur, 64 stuttnefjur og 191 álka og hafði hlutfall álku miðað við langvíu ekki breyst marktækt frá 1986 ($\chi^2 = 2,35$, $P < 0,20$).

Langesbjörg

Langesbjörg, frá Skeglubjörgum utan við Skoruvík, fyrir Font og suður að Lambeyri, eru alls 9,1 km löng og meðalhæð tæplega 50 m. Björgin eru úr blágrýti en í miðju bjargi að sunnan er samfelld millilag. Talning er byggð á flugmyndum af öllu bjarginu frá 19.6.84. Alls töldust 56.990 svartfuglar, langflestir (55.430) á svæðinu frá Lambeyri að Fonti (6,9 km), en aðeins fáir norðan á nesinu - 550 í Máfarákum (0,6 km) og 1010 í Gjögrabjörgum og Skeglubjörgum (1,6 km). Tegundahlutföll voru skoðuð 6.-7.7.1984 á svæðinu Lambeyri-Fontur. Í bjargi töldust 2131 langvía, 248 stuttnefjur og 446 álkur. Á sjónum voru 1583 langvíur, 111 stuttnefjur og 811 álkur.

Tafla 10. Svartfuglatalningar Papey og nálægum eyjum. – *Counts of auks at Papey and nearby islets.*

	7.6.1984 Flugmyndir <i>Aerial photos</i>		9.7.1985 Talið á vettvangi <i>Field counts</i>		
	Svartfugl <i>large auks</i>	Svartfugl <i>large auks</i>	Langvía <i>U. aalge</i>	Stuttnefja <i>U. lomvia</i>	Álka <i>A. torda</i>
Árhöfn	2300	2140	2105	20	15
Hvanney	0	72	72	–	–
Flatey	140	156	130	–	26
Höfði	490	480*	412	5	23
Máfabyggðir	0	20	10	–	10
Arnarey	220	217	162	47	8
Alls bjarg – <i>Total cliff</i>	3150	3085	2891*	72	82
Alls á sjó – <i>Total sea</i>			758	14	70

* 40 ógr. *Uria* sp. í Höfða taldar sem langvíur. – *Includes 40 Uria sp. counted as U. aalge.*

Áætlaður fjöldi samkvæmt þessu er um 30.000 langvíupör, 3500 stuttnefjupör og 15.000 álkupör (Tafla 2). Fjöldi langvíu og stuttnefju er miklu meiri en Þorsteinn Einarsson (1979) áætlaði samkvæmt talningum af brún 1959, en líklegt er að hann hafi vanmetið fjöldann vegna þess hve óvída sést í Langanesbjörg af brún.

Skrúður

Skrúðnum úti af Vattarnesi verpur mjög mikið af lunda, en einnig mikið af svartfugli og ritu, auk annarra sjófugla. Alls töldust 17.100 svartfuglar á flugmyndum frá 19.6.1984. Tegundahlutföll voru metin 10.7.1985 og 5.-6.7.1986. Í bjargi voru greindar 6847 langvíur, 1596 stuttnefjur og 15 álkur, en á sjó 5703 langvíur, 144 stuttnefjur og 155 álkur. Samkvæmt þessu voru langvíur 9700 pör, stuttnefjur 2300 pör og álkur 250 pör (Tafla 2).

Þorsteinn Einarsson (1979) taldi í Skruðnum 1952 og 1960, og áætlaði 5000 pör af langvíu og 600 af stuttnefju. Þetta eru mun lægri tölur en fengust 1984, og mætti túlka sem merki um fjölgun, en á hitt ber að líta að eyjan er fremur erfið til talninga af landi og sjó.

Papey

Lág blágrýtisbjörg, alls 3,6 km löng, eru í Papey og nokkrum smáeyjum kringum hana. Svartfugl er aðallega í Árhöfn sem er hæsta bjargið (30 m), en önnur björg eru innan við 20 m há. Fremur auðvelt er að telja í þessum björgum enda ber talningum af flugmyndum (1984) og á vettvangi (1985) vel saman (Tafla 10). Mest var af langvíu (um 2000 pör) en aðeins um 50 stuttnefjupör og 190 álkupör (Tafla 2).

Þorsteinn Einarsson (1979) áætlaði 1500 pör af langvíu og 150 af stuttnefju í Papey 1961 og gæti það bent til hægfara aukningar langvíu (1,3% á ári að meðaltali) en fækkunar stuttnefju (4,5% á ári) á tímabilinu 1961-84.

Setstaðir

Á nokkrum stöðum þar sem björg eru á annesjum hefur svartfugl sést sitja uppi að vorlagi, en virðist ekki verpa. Þarna eru e.t.v. á ferðinni fuglar sem eru að kanna mögulega varpstaði. Við Reykjanes var mikið af svartfugli á sjónum 18.6.1977 og sat nokkuð af fugli uppi í Valahnúk, en endurteknar athuganir benda ekki til varps. Norðfjarðarnipu sjást svartfuglar

á syllu á mynd frá 19.6.1984. Í Gerpismanni sést enginn svartfugl á mynd frá 19.6.1984, en á mynd frá 30.5.1989 eru hins vegar um 100 fuglar í bjargi og 120 á sjó.

Horfnar byggðir

Geirfuglasker og fleiri fuglasker undan Reykjanesi hurfu í hafið snemma á 19. öld, en þar varp svartfugl (Faber 1827, Guðni Sigurðsson 1961, sbr. Arnþór Garðarsson 1984). Faber tekur reyndar fram að þetta hafi verið langvía. Ólafur Olavius (1780) segir fuglatekju og eggja vera í Smiðjuvíkurbjargi, eins og í öðrum björgum á Hornströndum, og segir einnig að svartfugl verpi í klettinum Könnu undir Furuþarðarnúpi. Þorsteinn Einarsson (munnl. uppl.) hefur eftir Benjamíni Eiríkssyni að svartfugl hafi orpið í Smiðjuvíkurbjargi þar til um 1920.

Vafasamar byggðir

Nokkur björg eru nefnd í ritum sem va pstaðir svartfugla, án frekari útskýringa. Erfitt er að henda reiður á slíkum staðhæfingum, en langvía, stuttnefja eða álka komu ekki fram þar nú. Richard Hörning (dagbók 1905, sbr. Arnþór Garðarsson 1984) hélt að svartfuglar ypu í Staðarbergi og á Reykjanesi. Ævar Petersen (1982) sýnir kort yfir svartfuglabbyggðir, þar sem m.a. koma fyrir Blakksnes, Geirólfsnúpur, Ketubjörg, Málmey og Svartnes eða Viðvíkurbjörg. Þorsteinn Einarsson (1979) nefnir svartfuglabbyggðir í Blæjunni austan við mynni Eyjafljóðar og í Ósþöllum sunnan Héraðsflóa. Björn Hróarsson (1992) heldur því fram að svartfugl verpi í Gjögnum austan við mynni Eyjafljóðar.

Niðurlag


Eins og fram kemur hér að framan (sbr. Tafla 2), er fjöldi svartfugla í íslenskum björgum áætlaður sem hér segir (þúsundir para): langvía 990, stuttnefja 580 og álka 380.

Álkan er eingöngu í N-Atlantshafi en langvía og stuttnefja eru einnig í N-

Kyrrahafi. Heildarfjöldi þessara tegunda í Atlantshafi og nálægum hlutum N-Íshafsins hefur nýlega verið áætlaður (Nettleship og Birkhead 1985) og einnig hafa birst nýjar tölur (1985-87) fyrir Bretlandseyjar (Lloyd o.fl. 1991). Með þeim fyrirvara að tölur fyrir einstök svæði eru mjög misjafnar að gæðum, má áætla fjölda svartfugla (þús. para) í Atlantshafi sem hér segir: langvía 3700, stuttnefja 5400 og álka 590. Samkvæmt þessu verpa um 65% af álkunni á Íslandi og 22% á Bretlandseyjum. Um 27% af langvíunni er búsett á Íslandi, en hún verpur einnig mikið á Bretlandseyjum (21%), Bjarnarey (20%) og austast í Kanada (16%, mest á Nýfundnalandi). Stuttnefjan er hins vegar aðallega við Íshafið, einkum í Kanada (27%), en einnig Evrópumegin (53%, mest Spitsbergen, Novaya Zemlya og Bjarnarey). Hér á landi verpa um 11% stuttnefjunnar í Atlantshafi.

Hér innanlands er svartfuglinn æði misdreifður (3. mynd). Hægt er að skipta útbreiðslunni gróflega í þrjú svæði: hlýsjávarsvæði frá Ingólfshöfða að Snæfellsnesi, blandsvæði við Vestfirði, og kaldsjávarsvæði við Norður- og Austurland. Þessi skipting sýnir vel mikilvægi vestfirsku bjarganna, því að allar tegundirnar verpa langmest þar, eða um 76% af íslenski langvíu, 91% af stuttnefjunni og 80% af álkunni. Þéttleiki í bjargi er mestur, um og yfir 3000 pör svartfugla á hektara (ha) bjargs, í Skoruvíkurbjargi, Grímsey, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, og er einnig mikill, um 2000 pör á ha, í Látrabjargi. Annars staðar er þéttleikinn langtum minni, um og innan við 1000 pör á ha bjargs.

Skýringa á dreifingu svartfugls er helst að leita í fæðuskilyrðum í sjónum. Varpstaðir í björgum virðast ekki vera takmarkandi. Þannig er nú enginn svartfugl á Hornströndum sunnan Látravíkur. Stór björg standa auð við Skagafjörð, utanverðan Eyjafjörð og víða austanlands. Mestur er fjöldi og þéttleiki svartfugla á annesjum og tengist það sennilega að-



3. mynd. Útbreiðsla og jöldi svartfugla (pör) í slenskum fuglabjörgum: angví *Uria aalge*, álka *Alca torda*, stuttnefja *Uria lomvia*. Slitna línan utan við ströndina sýnir 200 m dýptarlínu. – The distribution and abundance (pairs) of three species of large auks on Icelandic birdcliffs. The dashed line offshore indicates the 200 m contour.

gengi að stórum hafsvæðum og e.t.v. misdreifðri fæðu.

Lítið er hægt að fullyrða um breytingar á heildarjölda á fyrri árum, vegna þess hve tölur um vestfirsku björgin eru óvissar. Tölur Þorsteins Einarssonar (1979) eru fengnar með öðrum aðferðum en hér var beitt og því er erfitt að nota beinan samanburð svo sem rakið er hér að fram- an fyrir einstaka vaðstaði. Langvíu hefur e.t.v. fækkað eitthvað í Vestmannaeyjum, annars staðar hefur víða orðið jölgun (Krisuvíkurbjarg, Snæfellsnes, Drangey, Austurland) eða a.m.k. lítil breyting. Eftir 1985 hefur langvían staðið í stað í Krisuvíkurbjargi, en greinileg jölgun langvíu verður í Skoruvíkurbjargi 1986-1994 og henni hefur sennilega einnig fjölgað á þessu tímabili í Rauðanúpi. Fjöldi stuttnefju hefur sennilega staðið í stað á Snæfellsnesi og e.t.v. víðar við vesturströndina. Engin óyggjandi merki eru um jölgun stuttnefju fram að 1985, og fækkun virðist líkleg í Hafnabergi, Drangey og Papey. Eftir 1985 sjást ótvíræð merki um fækkun stuttnefju í Krisuvíkurbjargi og Skoruvíkurbjargi. Þetta eru stór björg hvort á sinu landshorni og verður að ætla að samstiga fækkun í þeim bendi sterklega til þess að stuttnefjustofninn sé á undanhaldi. Ekkert er vitað um fyrri stofnbreytingar álku, enda hafa ekki áður birst tölur um fjölda hennar hér. Álku virðist nú fara jölgandi í Krisuvíkurbjargi og Skoruvíkurbjargi.

Til að fylgjast með stofnbreytingum í framtíðinni ættu athuganir að beinast að stöðum þar sem auðveldast er að telja. Má þar nefna t.d. Bjarnarey og Súlasker í Vestmannaeyjum, Krisuvíkurbjarg, Hafnaberg, Þufubjarg, Drangey, Skoruvíkurbjarg og Papey. Ennfremur er mikilvægt að fylgjast með Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, vegna þess hve mikill hluti svartfuglsins verpur þar.

ÞAKKIR

Rannsóknir þessar voru styrktar af Visindasjóði, Fiskimálasjóði og Rannsóknasjóði Háskólans. Fjöl- margir hafa aðstoðað við talningar og úrvinnslu

gagna. Vil ég sérstaklega þakka Guðmundi A. Guðmundssyni fyrir vandaða vinnu. Einnig þakka ég þeim Arnóri Þ. Sigfússyni, W.R.P. Bourne, R.G.B. Brown, Erpi Snæ Hansen, P.G.H. Evans, Gísli Má Gíslasyni, Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, Jóni S. Ólafssyni, Júlíu Hoffmann, Kjartani Thors, Kristjáni Lillendahl, Magnúsi Magnússyni, Ólafi Einarssyni, Ólafi K. Nielsen, Sigurði Vilhelmssyni, Ólafi Henningssyni, Þorsteini Einarssyni og Ævari Petersen fyrir margháttða aðstoð við öflun gagna og túlkun þeirra.

HEIMILDIR

- Arnór Þ. Sigfússon 1985. Ferðahættir svartf. gla og túlkun talninga. Óbirt ritgerð til 30 e BS prófs. Líffræðiskor Háskóla Íslands.
- Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal 1975. Náttúrufræðingurinn 49: 126-154.
- Arnþór Garðarsson 1984. Fuglabjörg Suðurkjálkans. Bls. 126-160 í: Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu. Árbók Ferðafélags Íslands 1984.
- Arnþór Garðarsson 1989. Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir. Bliki 7: 1-22.
- Birkhead, T. R. & D. N. Nettleship 1980. Census methods for murre Uria species - a unified approach. Can. Wildl. Serv. Occ. Pap. No. 43:1-25.
- Björn Hróarsson 1992. Norðan byggða milli Eyja- fjarðar og Skaga fjarðar. Árbók Ferðafélags Íslands 1992.
- Collier, R. V. 1979. Ingolfshofdi, South-east Iceland. Brathay Exploration Group. Field Studies Report No 33. Brathay Hall Trust, Ambleside, Cumbria, U.K.
- Collier, R. V. & M. V. Stott. 1976. Review of ornithological studies in South-East Iceland 1973-1975. Brathay Exploration Group. Field Studies Report No 29. Brathay Hall Trust, Ambleside, Cumbria, U.K.
- Faber, F. 1827. Beytrige zur arctischen Zoologie. Achte Lieferung. Isis 20(8):633-688.
- Guðni Sigurðsson 1961. Geirfugle-skíær. Bls. 144-147 Landsnefndin 1770-1771. II. Bréf frá nefndinni og svör sýslumanna. Útg. Bergsteinn Jónsson. Sögurit 29(11):144-145.
- Hálf dán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örfærum, A.-Skaft. Náttúrufræðingurinn 46:46-104.
- Harris, M. P. & T. R. Birkhead 1985. Breeding ecology of the Atlantic Alcidae. Bls. 155-204 í: D. N. Nettleship & T. R. Birkhead (ritstj.) The Atlantic Alcidae. Academic Press, London.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Bls. 37-57 í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.) Náttúru- far á sunnanverðum Reykjanesskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
- Lloyd, Clare, M.L. Tasker & K. Partridge 1991. The status of seabirds in Britain and Ireland. T. & A. D. Poyser, London.
- Nettleship, D. N. & P. G. H. Evans 1985. Distribution and status of the Atlantic Alcidae. Bls. 53-154 í:

- D. N. Nettleship & T. R. Birkhead (ritstj.) The Atlantic Alcidae. Academic Press, London.
- Quinnell, R. (ritstj.) 1984. Cambridge Snaefellsnes expedition 1983. Fjölrit, 33 bls.
- Sokal, R.R. & F. J. Rohlf 1981. Biometry (2. útg.). W.H. Freeman & Co., New York.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefju í f. glabjörgum við Ísland. Náttúrufræðingurinn 49: 221-228.
- Þorsteinn Einarsson 1986. Ferð í Látrabjarg 1956. Náttúrufræðingurinn 56:69-76.
- Þorsteinn Einarsson 1987. Íslenskar súlubyggðir og saga þeirra. Náttúrufræðingurinn 57:163-184.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Bls. 15-60 í: Arnþór Garðarsson (ritstj.) Fuglar. Rit Landverndar 8.
- Ævar Petersen 1985. Fuglalíf Mánáreyja. Týli 15: 7-25.
- Ævar Petersen & Erling Ólafsson 1986. Dýralíf Suðurnesja. Bls. 31-48 í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.) Suðurnes, náttúruferðir, minjar og landnýting. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

SUMMARY

Numbers and distribution of Common Murre *Uria aalge*, Thick-billed Murre *U. lomvia* and Razorbill *Alca torda* in Iceland

A survey of numbers and distribution of Common Murre *Uria aalge*, Thick-billed Murre *U. lomvia* and Razorbill *Alca torda* breeding in Iceland was conducted, mainly in 1983-85. In small and medium-sized colonies total and transect counts from the ground, and total counts from low-level oblique aerial photographs (250 mm lens, 70 mm or 6x6 f lm) were used. On huge inaccessible cliffs, including Látrabjarg, Hælavíkurbjarg and Hornbjarg where most of the populations breed, counts were made on vertical transects from high-level oblique aerial photographs. These were obtained from about 600 m a.s.l. by flying off the cliff, at a 90° angle to the edge, with a 70 mm format camera and 250 mm lens mounted to point backwards at a 25° angle from the vertical (Fig. 2).

Species composition was estimated on the ground. Counts on the cliff yielded the relative abundance of the two *Uria* species and a correction factor for Razorbill. As they are generally far less visible on the cliff than the murre, Razorbill numbers were estimated from the ratio Razorbill/Common Murre loafing during the day on the sea below the cliff. This estimate is based on the assumption that the two species divide their time similarly (Sigfússon 1985). At the huge cliffs of the North-West (Látrabjarg, Ritur, Hælavíkurbjarg, Hornbjarg) species composition was estimated by identifying large samples of auks flying to the cliff throughout the day (0600-2200 hours), assuming that all three species had similar frequencies of travel. At Látrabjarg the ratio Razorbill/Common Murre in flight was not significantly different from the ratio on the sea along the entire cliff; the ratio Thick-billed/Common Murre in flight vs. on the cliff differed

significantly ($P < 0.001$), though this may well be caused by bias in estimating species composition on the cliff.

The estimated total Icelandic populations of these species in 1983-85 were (thousands of breeding pairs, see Table 2): Common Murre 990, Thick-billed Murre 580, and Razorbill 380. These estimates correspond to about 27% of the North Atlantic total for Common Murre, 11% of the Thick-billed Murre, and 65% of the world population of the Razorbill. The great majority of all three species in Iceland breed on huge (cf. Table 1) cliffs in the North West, including 76% of the Common Murre (mainly Hælavíkurbjarg and Látrabjarg), 91% of the Thick-billed Murre, and 80% of the Razorbill (mainly Látrabjarg). The very uneven distribution is presumably related to feeding conditions at sea.

These results are difficult to compare with older estimates (Einarsson 1979, mainly from the 1950s), especially because of the difficulties of obtaining reliable and unbiased estimates at Látrabjarg, Hælavíkurbjarg and Hornbjarg. The suggestion (Nettleship & Evans 1985) that numbers of murre have decreased at these northwestern colonies is not supported by the available information. Prior to 1985, the Common Murre perhaps decreased in Vestmannaeyjar, but other localities (Krisuvíkurbjarg, Snaefellsnes, Drangey, and east coast colonies) showed some increase or at least little change. Numbers of Thick-billed Murre probably did not change at Snaefellsnes and possibly other west coast localities. There were no certain signs of increase in Thick-billed Murre and decreases are suggested at Hafnaberg, Drangey and Papey. Nothing is known about numerical trends in Razorbill up to 1985 as there are no prior estimates.

Transects in Krisuvíkurbjarg SW Iceland and Skoruvíkurbjarg NE Iceland were repeated in 1994. They show a significant increase (Wilcoxon test, $n = 18$, $T = 5$, $P < 0.01$) of Common Murre at Skoruvíkurbjarg in 1986-94 (4.3% per annum) but no change at Krisuvíkurbjarg in 1985-94 ($n = 22$, $T = 122$, NS) and significant decreases of Thick-billed Murre at both places: decreasing by 2.7% annually at Skoruvíkurbjarg ($n = 19$, $T = 31$, $P < 0.01$) and 4.1% at Krisuvíkurbjarg ($n = 18$, $T = 38$, $P < 0.05$). The Razorbill was probably increasing on both these cliffs.

Future monitoring of numbers should concentrate on localities that are easy to count: e.g. Bjarnarey and Súlnasker in Vestmannaeyjar; Krisuvíkurbjarg, Hafnaberg, Þúfubjarg, Drangey, Skoruvíkurbjarg and Papey. Despite the technical difficulties, it is also imperative to monitor Látrabjarg, Hælavíkurbjarg and Hornbjarg, because of the huge numbers breeding there.

Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík, Iceland

Fuglamerkingar á Íslandi 1994

Merkingar

Árið 1994 var 63. ár fuglamerkinga á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Alls bárust skýrslur frá 35 merkingamönnum, sem er talsvert minna en undanfarin ár. Þrátt fyrir það var fjöldi merktra fugla svipaður og árið á undan og yfir meðaltali undanfarins áratugs. Alls voru merktir 13.376 einstaklingar af 61 tegund. Þeir skiptust þannig milli aldurshópa að 5442 (41%) voru flílvaxnir og 7934 (59%) voru ungar. Í árslok 1994 var heildarfjöldi merktra fugla frá upphafi nærri 380.000 einstaklingar, af 112 tegundum. Engín ný tegund bættist við þetta árið, en nokkrar sjaldgæfar tegundir voru merktar, s.s. turnfálki, keldusvin, eyrugla, glóbrystingur, gráþröstur, fjallafínka og fimm hettusöngvarar.

Lundar tróna að nýju í fyrsta sæti sem mest merkta tegund ársins (1908 fuglar), snjótittlingur féll niður í annað sæti (1587), skógarþröstur hélt því þriðja (1378), ritan fylgdi fast á eftir í því fjórða (1370) en álkan var fimmta tegundin í röðinni (923). Sé litið á heildarfjölda merktra fugla frá upphafi þá skipa sömu tegundir þrjú efstu sætin, lundir (um 62.100 merktir), snjótittlingur (38.900) og skógarþröstur (29.200). Tvær næstu tegundir eru kría (24.300) og fýll (23.700).

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar merktu samtals 4848 fugla á árinu, en áhugamenn merktu rúmlega 8500 (64%). Virkastir merkingamanna á árinu voru Sverrir Thorstensen (1804), Óskar J. Sigurðsson (1249), Sigurður Ingvarsson (974), Hálfán Björnsson (713) og Þorlákur Sigurbjörnsson (641).

Endurheimtur

Alls bárust Náttúrufræðistofnun um 850 tilkynningar á árinu um endurfundi fugla sem merktir höfðu verið á Íslandi. Þar af voru 65 endurheimtur erlendis. Þessu til viðbótar var tilkynnt um 110 fugla með erlend merki. Vaxandi hluti endurheimta eru álestrar á lítmerki úti í náttúrunni.

Af langferðum má nefna þrjá fugla sem endurheimtust í Afríku á árinu. Mesti ferðalangurinn var kría sem merkt var í Flatey á Breiðafirði sem ófleygur ungi 28. júl 1984 (nr. 739434). Hún endurheimtist á olubor-palli út af ströndum Nígeríu í desember, 7230

km frá merkingastað. Sanderlu, sem merkt var í Sandgerði á Miðnesi sem fullorðin 24. maí 1990 (nr. 852733), var bjargað lifandi úr höndum barna sem höfðu veitt hana í grennd við Accra í Ghana í október, 6750 km frá merkingastað. Loks má nefna mariuerlu sem fannst dauð í húsi á Langanesi í júní 1994. Hún bar merki með áletruninni Par's 3804537 og reyndist hún hafa verið merkt í Djovdj þjóðgarðinum í Senegal 18. nóvember 1991, 5540 km frá endurheimtustað. Ekki má heldur láta hjá því að nefna óvenjulega tegund sem flækst hafði af leið. Það var dvergsvanur sem merktur var sem ófleygur ungi við árósa Petjora á íshafsströnd Rússlands 4. september 1993. Hann fannst nýdauður eftir að hafa flogið á vír á Hvalnesi í Lóni, A-Skaft. í september 1994.

Nokkrir mjög gamlir fuglar endurheimtust á árinu. Tveir lundar voru endurveiddir á hreiðrum sínum í Stórhöfða, Vestmannaeyjum 29 og 30 árum eftir merkingu á sama stað. Þeir höfðu á sínum tíma báðir verið merktir sem fullorðnir fuglar og eru því enn eldri en merkingagögnin sýna. Skúmur sem merktur var við Kvísker í Örfum sumarið 1970 sem ófleygur ungi endaði daga sína á fiskilínu í Breiðamerkjardjúpi í ágúst 1994, þá 24 ára.

SUMMARY

The Icelandic Bird Ringing Scheme 1994

A short account on the 63rd year of the Icelandic Bird Ringing Scheme is given. Thirty-five ringers reported a total of 13,376 birds ringed in 1994 (5442 fullgrown and 7934 unfledged chicks) of 61 species. Puffin *Fratercula arctica* tops the list with 1908 individuals ringed, followed by Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* (1587), Redwing *Turdus iliacus* (1378), Kittiwake *Rissa tridactyla* (1370) and Razorbill *Alca torda* (923). This brings the grand total of birds ringed in Iceland to nearly 380,000 since the Icelandic Ringing Scheme was initiated in 1932. About 850 recoveries of birds ringed in Iceland were reported to the Icelandic Institute of Natural History in 1994, whereof 65 birds were recovered abroad. Further 110 birds ringed abroad were recovered or sighted in Iceland.

Gudmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Minnugir tjaldar

Oft heyrast sögur af sérkennilegu hátterni fugla sem leiða hugann að því hvort atferli þeirra sé meðfætt eða áunnið. Eftirfarandi sögu segi ég gjarnan þegar ég er spurður hvort fuglar hugsi eða hvort þeir geri greinarinun á mönnum.

Sumarið 1993 merkti ég talsvert af fuglum í nágrenni Hafnarfjarðar, einkum tjalda. Meðal þeirra staða sem ég stundaði merkingar á var eiðið sem skilur Hvaleyrarlón frá firðinum utan þess. Þar er þéttara tjaldavarp en ég hef vitað annars staðar, 6 pör á aðeins 0,4 hektörum. Dagana 6. og 7. júní 1993 fór ég um eiðið og merkti sex unga hjá jöruðum pörum. Fimmta parið var með egg í hreiðri og hið sjötta var enn óorpið, svo ég ákvað að koma aftur s.ðar.

Að hálf m mánuði liðnum, er ég kom inn á golfvöllinn á Hvaleyri u.þ.b. 600 m frá eiðinu, brá svo við að fullorðnu tjaldarnir sem urpu á eiðinu styggðust upp og flugu rakleitt í áttina til mín. Til þess þurftu þeir að fljúga yfir starfsmenn og golfspilara sem voru viðs vegar um völinn. Flug fuglanna vakti athygli mína og annarra viðstaddra og urðu ýmsir á vell-

inum til þess að orða þetta við mig. Þegar ég sagði þeim frá merkingastarfi mínu bentu þeir mér á eitt tjaldspar sem hafði orpið á miðjum golfvöllinum og var nú með einn unga. Ég ákvað að leita fyrst uppi ungann á vellinum áður en ég snéri mér að fuglunum á eiðinu. A meðan að leitin á vellinum stóð yfir fylgdu tjaldarnir mér stöðugt eftir upp allan völl, þótt 10-15 menn væru ávallt á milli mín og óðals þeirra.

Nokkrum dögum seinna kom ég aftur á svæðið til að sannreyna hvort fuglarnir þekktu mig. Allt fór á sama veg og áður, sem og 15 dögum síðar er ég kom enn á ný. Á því lék enginn vafi að fuglarnir mundu eftir mér. Þess ber geta, að ég var eins klæddur og bar gráa axlartösku í öll skiptin.

Ekki er hægt að skilja við golfarana á Hvaleyrarvelli án þess að nefna að þeir settu hálf t bíldekk við tjaldshreiðrið á vellinum svo klaufskir spilarar eyðulegðu það ekki. Blátt bann var lagt við að ónáða fuglana að óþörfu.

Ólafur Á. Torfason, Ál holti 34, 220 Hafnarfjörður.

Frá Fuglaverndarfélagi Íslands

Á fyrstu árum Blika birtust jafnan klausur undir þessu sama heiti sem sögðu frá starfi Fuglaverndarfélagsins. Fjölluðu þær aðallega um niðurstöður arotalninga og efni fræðslufunda félagsins. Haustið 1987 hóf félagið svo útgáfu Fréttabréfs og þar með féll þessi fasti dalkur niður. Eins og stendur á innanverðri kápu Blika er félagið aðili að útgáfu hans og hefur það ávallt átt fulltrúa í ritnefndinni. Langflestir höfundar að efni í Blika eru félagar, svo tengslin eru ótvíræð.

Saga félagsins og starf fyrstu þrjá áratugina hefur verið rakið á áður á þessum vettvangi (sjá t.d. Blika 1:47 og 7:63) og verður því ekki tíunduð hér. Þó ber að geta þess að aðaldrif-tjóður félagsins lengst af, Björn Guðbrands-son barnalæknir, var nýlega kjörinn heiðursfélagi Fuglaverndarfélagsins. Félögum hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og eru þeir

nú um 350. Félagarnir eru nú virkari og meira að segja hefur verið stofnuð deild úti á landi, eins og síðar verður gerð grein fyrir. Starf Fuglaverndarfélagsins er fjölbreytt, en hefur aðallega beinst að eftirfarandi þáttum á undanföllum misserum:

Eins og áður hefur félagið fylgst með haf-erninum, afkomu hans og útbreiðslu í sam-vinnu við Náttúrufræðistofnun. Þetta hefur ávallt verið burðarásinn í starfinu. Kristinn Haukur Skarphéðinsson hefur haft yfirumsjón með arnarmálum síðustu árin.

Fréttabréf kemur út nokkrum sinnum á ári, allt að 16 síður í A5 broti. Efni þess hefur verið fjölbreytt. Fyrir utan almennar tilkynn-ingar og fréttir frá félaginu og af starfsemi þess, hafa birst stuttar greinar um fugla- og búsvæðavernd ásamt ýmsum öðrum fróðleik um fugla og fuglaskoðun. Í bígerð er að efla

Fréttabréfið, stækka brotið og auka mynda-kostinn.

Nokkrir fræðslufundir eru haldnir á hverjum vetri þar sem valdir fyrirlesarar segja frá rannsóknum, ferðum eða öðru sem þykja kann áhugavert. Ráðfundir eru mánaðarlega yfir veturinn. Ákveðið efni er tekið fyrir, en þeir eru óformlegri en fræðslufundirnir. Vettvangs-fræðsla og fuglaskoðun hefur verið vaxandi þáttur í starfinu undanfarið. Nú er hún haldin a.m.k. mánaðarlega, nema yfir hásumarið, og nýtur sívaxandi vinsælda. T.d. komu á annað hundrað manns til fuglaskoðunar í Skerja fjörð sunnudag einn um miðjan janúar 1995. Þyrjun september s.l. var svo farin afar vel heppnuð hvala- og sjófuglaskoðunarferð að Eldey.

Sérstakar kynningar á fuglum og búsvæðum þeirra, svo nefndir fugladagar. Athyglinni hefur þá einkum verið beint að fuglum sem eru í hættu eða eru taldir þurfa sérstakrar verndar við. Þegar hefur verið haldinn dagur flórgoðans í þr gang til að vekja athygli á ugðvænlegri fækkun hans og jafnframt til að vekja athygli á gildi Ástjarnar við Hafnarfjörð fyrir flórgoðann. Dagar rauðbrystingsins og margæsarinnar hafa og verið haldnir, til að vekja athygli á mikilvægi áningarstaða þessara umferðarfugla hér á landi. Í framhaldi af því var haldinn leirudagur í samvinnu við Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Félagið tók upp þá nýbreytni í starfi sínu s.l. vor að halda kynningar á fuglum og mikilvægum fuglasvæðum í nokkrum sveitarfélögum og ganga þessar heimsóknir undir vinnuheitinu vísitásiur. Þær hafa falist í erindum og vettvangsferðum þeim samhlíða. Þegar hafa Álfanes, Stokkseyri og Eyrarbakki verið vísitæruð.

Félagið er aukaaðili að *BirdLife International*, Alþjóða fuglaverndarsamtökunum, og er vonast til að það verði fullgildur aðili á næstunni. Dagana 9.-10. október 1993 héldu Alþjóða fuglaverndarsamtökin alþjóðlega fugladaga um víða veröld. Fuglaverndarfélagið var framkvæmdaraðili þessara daga hér á landi. Þetta er eitt víðamesta verkefni félagsins til þessa og þótti heppnast vel, jafnt til sjávar sem sveita.

Austurlandsdeild var stofnuð á Egilsstöðum í nóvember 1993, en það er fyrsta deildin á landsbyggðinni. Austurlandsdeildin hefur m.a. staðið fyrir rjúpnatalningu í samvinnu við Skotfélag Austurlands, vöktun á flórgoðastöðum og útbreiðslukönnun á fuglum.

Í apríl 1994 hélt Fuglaverndarfélagið í samvinnu við Líffræðifélagið ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Íslensk votlendi - Verndun og nýting“. Ráðstefnan heppnaðist vel og verða erindin væntanlega gefin út á næstunni. Ráðstefna um jörur og grunnsævi er í bígerð.

Haustið 1994 var hleypt af stökkunum könnun á fuglum í gördum að vetrarlagi. Könnun þessi er sníðin að breskri fyrirmynd og miðar að því að kanna hvaða fuglar sæki í garða, í hve miklu magni, á hvaða árstímum, hverjir sæki í föðurgjafir eða annað æti o.fl. Undirtektir félaga voru það góðar, að ákveðið var að halda áfram veturinn 1995-96. Niðurstöður þessa fyrsta vetrar hafa og munu birtast í Fréttabréfinu.

Fuglaverndarfélagið hefur hafið baráttu fyrir endurheimt votlendis sem hefur verið eyðilagt með framræslu. Undirbúningur er í gangi og hefur Landbúnaðarráðuneyti sýnt áhuga á samstarfi.

Einstök verkefni sem komið hafa inná borð félagsins eru fjölmörg. Nefna mætti baráttuna gegn stíflun Gílsfjarðar, verndun Eyjabakka, fyrir framtíð Ástjarnar og náttúruvernd á Álfanesi. Umfjöllun um ný lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.fl. Fjölmörg brýn verkefni eru nú í meðförum stjórnar, einstakra nefnda eða einstaklinga á vegum Fuglaverndarfélagsins. Auk arnarstarfsins og gjörgæslu flórgoðans hefur félagið hugað að ýmsum tegundum sem standa höllum fæti eins og haftyrdli og þórshana.

Síðastliðið vor heimsótti okkur Trevor Gunton frá Konunglegu bresku fuglaverndarsamtökunum (*RSPB*), öflugustu fuglaverndarsamtökum sem til eru. Heimsókn hans var mjög gagnleg, hann lumaði á ýmsum upplýsingum um starfsemi fuglaverndarféлага vítt og breytt um Evrópu og stappaði stáli í stjórnarmenn þá daga sem hann dvaldi hér á land. Það er trú manna að starfsemin verði markvissari eftir þessa heimsókn.

Margt er í bígerð og má nefna að unnið er að hönnun á merki félagsins og bæklingi til kynningar á félaginu. Verið er að leita leiða til að bæta fjárhag félagsins, en hingað til hefur aðaltekjustofninn verið félagsgjöld. Þjóðhátíðarsjóður hefur styrkt arnarstarfið og þjóðverjinn Frank Ulrich Schmidt hefur ánaðnað félaginu tveimur þýskum mörkum af hveju seldu eintaki af bók sinni *Island Naturkundlicher Reiseferer*.

Til þess að efla starfsemi Fuglaverndarfélag-
agsins enn frekar er mikilvægt að félagið
stækki. Eg vil því nota tækifærið og hvetja
alla áskrifendur Blika sem ekki eru þegar
félagar í Fuglaverndarfélagi Íslands til ganga í
félagið. Það er hægt bréfléga, póstfangið er:
Fuglaverndarfélag Íslands, pósthólf 5069, 125
Reykjavík, eða símleiðis með því að hringja í

formann, Árna Waag í síma 554 0241 eða um-
sjónarmann félagaskrár og gjaldkera, Ólaf
Einarsson í vinnusíma 562 9822 eða heima-
síma 587 1144.

Jóhann Óli Hilmarsson, Fulltrúi Fuglavernd-
arfélagsins í ritnefnd Blika og ritstjóri
Fréttabréfs.

Flokkun fuglategunda

Flokkun tegunda á landslistun

Um 20 ár eru síðan Breska fuglafræðifélag-
ið (BOU) fór að skipta fuglum sem sést höfðu
á Bretlandseyjum í fjóra flokka A, B, C og D.
Fuglafræðifélög í ýmsum löndum Evrópu hafa
farið að dæmi þeirra og nota sömu flokka
óbreytta eða lítið breytta. Á fundi evrópskra
flækingsfuglanefnda á Helgoland í október
1993 (sjá Blika 14: 57-61) var því samþykkt
að beina því til að evrópskra flækingsfugla-
nefnda að skipta fuglum sem sést hafa í við-
komandi löndum í eftirfarandi flokka:

A – Tegundir sem sést hafa eða fundist
a.m.k. einu sinni frá 1. janúar 1950 og talið er
að að ha í verið villtar. (*Species which have
been recorded in an apparently wild state at
least once since 1 January 1950.*)

B – Tegundir sem aðeins hafa sést eða
fundist á árunum 1800 til 1949, og voru taldir
villtar. (*Species which have been recorded in
an apparently wild state only between 1800
and 1949.*)

C – Fuglar sem sleppt hefur verið eða
sloppið hafa úr haldi og náð að mynda sjálf-
bæran varpstofn. (*Released of escaped species
which have established a self-supporting
breeding population.*)

D – Tegundir sem ekki er hægt að setja í
flokka A, B eða C (af einhverjum ástæðum,
t.d. ef þær hafa sloppið úr haldi); þessar teg-
undir skal birta í viðauka. (*Species which
cannot be accepted for any of the categories A, B
or C (for whatever reason, eg, possible es-
cape); these species are listed in an appendix.*)

Tegundir í flokkum A, B og C mynda opin-
bera landslista en tegundir í D-flokki skulu
hafðar í viðauka. Fundurinn á Helgoland
mælti með að tegund sem eru í C-flokki í einu

landi og flækist til annars lands, sé einnig tal-
in þar til C-flokks. Þetta á meðal annars við
um tvær tegundir sem sést hafa hér á landi
(hrókönd og mandarínönd).

Fjöldi og flokkun tegunda hér

Á Íslandi hafa sést 330 tegundir til og með
1994. Þær eru ýmist varpfuglar hér eða telja
má öruggt að þær hafi komið á eðlilegan hátt
frá varpheimkynnum sínum. Þar með eru tal-
dar mandarínönd og hrókönd, sem verpa nú
villtar í nokkrum mæli á Bretlandseyjum og
slæðst hafa hingað (hrókönd hefur meira að
segja orpið hér), og innfluttu tegundirnar hús-
dúfa og hnúðsvanur, sem hafa orpið hér villtar
(hnúðsvanur er nú útdauður). Hnúðsvanur
telst nú til A-flokks, þar sem hann hefur sést
hér tvisvar á síðustu árum, en hinar til C-
flokks. Auk þess hafa sést hér 5 tegundir sem
talið er að sloppið hafi úr haldi erlendis eða
komið hafi úr ósjálfstæðum stofnum í ná-
grannalöndunum og teljast því til D-flokks
(roðaflæmingi, svartsvanur, taumgæs, græn-
skríkja og stepputittlingur). Ef allir flokkar
(A, B, C og D) eru taldir saman hafa því sést
hér alls 335 tegundir fugla til og með 1994.
Með í þessum tölum eru að sjálfsgöðu ekki
ógreindar tegundir, svo sem beinagrind af-
trosa frá síðustu öld (tregg- eða súgtrosi), ó-
greindar heiðategundir (*Circus*) og söngvara-
tegundir (*Phylloscopus*).

Í rammanum til hliðar
er sýnd nánari sundurlið-
un í ofangreinda flokka í
lok árs 1994.

Gunn augur Pétursson.

Flokkur A:	315
Flokkur B:	12
Flokkur C:	3
Samtals:	330
Flokkur D:	5



1. mynd (fuglagáta nr. 4). Lómur *Gavia stellata*. – Jóhann Óli Hilmarsson.



Fuglagáta nr. 5. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no. 5. Identify the species.*

Fuglagáta

4 Undanfarnar fuglagátur hafa verið nokkuð snúnar og erfiðar, svo ákveðið var að fuglagáta 4 yrði í léttari kantinum. Myndin sýnir skuggamynd af fugli á flugi. Fuglinn er langur og mjór, vængirnir hvassýddir og goggurinn oddhvas, svo að öllum líkindum er hann fiskiæta sem kafar eftir æti. Fuglinn er með „kryppu“, hálsinn er niðursveigður og stélið fleyglaga, sem bendir til að þetta sé brúsi (*Gavia*). Höfuðsvipurinn sker ótvírætt úr um það hvaða tegund þetta er. Nettur hausinn og fíngerður og ívið uppsveigður goggurinn (jafnve á flugi) greina lóm (*G. stellata*) afgerandi frá himbrima (*G. immer*), svalbrúsa (*G. adamsii*) og glitbrúsa (*G. arctica*).

Til að lifga upp á fuglagátuna og hvetja lesendur til dáða hefur ritstjórn Blika ákveðið að veita einum getspökum lesanda verðlaun fyrir rétta innsenda úrlausn. Berist fleiri en ein rétt lausn verður dregið um verðlaunahafa. Sá heppni fær næsta hefti *Blika* sent heim endurgjaldslaust. Þátttaka er öllum heimil (nema ritnefndarmönnum Blika og jósmýndaranum). Skrifid nafn tegundarinnar á blað ásamt nafni þátttakanda og heimilisfangi, og sendið til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 5“.

Jóhann Óli Hilmarsson.

RITFREGNIR

Tjón af völdum arna í æðarvörpum

Höfundur: Kristinn H. Skarphéðinsson

Útgefandi: Umhverfissráðuneytið, Vonarstræti 4, 150 Reykjavík. 1994.

ISBN 9979-839-02-3.

Brot 210x296 mm (A4), 120 bls.

Verð: 500.-

Gefin hefur verið út á vegum umhverfissráðuneytisins skýrsla um tjón af völdum arna í æðarvörpum. Skýrsla þessi er bæði ítarleg og vönduð og eiga höfundur og ráðuneytið skilið hrós fyrir. Útgáfustarfsemi á vegum ráðuneytisins hefur ekki farið hátt en þó hafa komið út á vegum þess ýmsar gagnmerkar skýrslur. Það væri vel við hæfi að gefa á einhvern hátt til kynna í útgáfum ráðuneytisins tilvist annarra skýrslna um umhverfismál og stuðla þannig að víðari dreifingu þeirra en hingað til hefur verið.

Tilfni þessarar skýrslu er erindi félags æðarbænda til menntamálaráðuneytisins 1989, en á þeim tíma fór það með fuglafriðunarmál. Erindi æðarbændanna var að vekja athygli á að ernir væru vaxandi vandamál í æðarvörpum. Markmið skýrslunnar virðist því öðrum þræði vera að setja fram tillögur, sem leitt gætu til sátta um friðun arna, jafnframt því að birta niðurstöður könnunar sem gerð var í framhaldi af erindi æðarbænda. Vonandi verður þessi skýrsla til þess að opna umræðu um stefnumörkun í málefnum sem lúta að sam-

skiptum manna og villtra stofna hér á landi, ekki eingöngu við þær tegundir sem eru til umræðu í þessari skýrslu.

Skýrslunni eru dregnar saman tarlegar upplýsingar í tveimur köflum, um ýmsa þá þætti í líffræði æðar og arna, sem málið varðar. Rakin er saga þessara tveggja stofna hér við land. Í skýrslunni er yfirlit um tjón af völdum arna og fyrri rannsóknir á því sviði hérlandis. Jafnframt eru birtar niðurstöður könnunar, sem gerð var árið 1991 á tjóni í æðarvarpi af völdum arna. Þar kemur fram að tjón af völdum arna er óverulegt og staðbundið og jafnframt er bent á þá örðugleika sem eru á að meta tjón sem hugsanlega hefur orðið.

Í lok skýrslunnar eru svo kaflar þar sem höfundur ræðir vandamálið út frá eigin bæjar- dyrum og setur fram nokkrar tillögur, sem hann telur að eigi að vera næstu skref í málinu til að leysa þann vanda, sem við er að etja.

Skýrsla þessi er öll hin fróðlegasta lesning þó menn verði vafalaust misjafnlega sáttir við tillögur höfundar. Vandamálið, sem um er jallað í skýrslunni er hvorki stórt né umfangsmikið í sjálfu sér. Hins vegar getur lausn þess verið fordæmi fyrir lausn annarra sam- bærilegra mála er varða samskipti manns og náttúru. Hugmyndin um að samfélagið beri kostnað af því að hömlur séu settar á fram- ferði manna gagnvart umhverfi sínu er á viss- en hátt viðurkennd í þeim tillögum, sem settar eru fram í lokakafla skýrslunnar.

Hér er ekki vettvangur til að ræða þær til- lögur, sem fram eru settar en samt get ég ekki látið hjá líða að nefna nokkrar spurningar, sem komu upp í hugann við lestur skýrslunnar. Þó að færa megir fyrir því rök að æðar- bændur beri vissan fjárhagslegan skaða af því að mega ekki drepa erni eða spilla hreiðrum þeirra þá gilda sömu rök í mörgum öðrum til- fellum. Ef greiða á bætur fyrir tjón af völdum arna, er samfélagið þá ekki einnig fjárhags- lega ábyrgt gagnvart þeim aðilum er stunduðu hvalveiðar áður en þær voru bannaðar? Hvað með þá, sem ekki mega nýta sér æðarfugl til matar vegna friðunar á þeirri tegund? Þannig mætti lengi telja upp hliðstæður við bætur fyrir tjón af völdum arna, sem taka verður til- lit til þegar og ef ákveðið verður að greiða bætur.

Jón Guðmundsson, Skólagerði 1, 200 Kóp- avogur.

Icelandic Black-tailed Godwit Project 1993
(*Jaðrankanaleiðangur "WIWO" til Íslands 1993*).
WIWO-Report 51 (1995). Skýrslan er á ensku,
með íslenskum útdrætti.

Ritstjórar: Gerrit J. Gerritsen & Niko M. Groen.
Útgefandi: WIWO (Foundation Working Group
for International Waterbird and Wetland Re-
search¹⁾), c/o Dribergseweg 16c, NL-3708 JB
Zeist, The Netherlands.

Brot: 170x240 mm, 44 bls.

Verð: 15 þoll. gyllini fyrir heftið + önnur 15
fyrir póst o.fl. Samtals 30 gyllini (um 1215.- kr).

Vorið 1993 komu til Íslands þrír Hollend- ingar og unnu að rannsóknum á jaðrankan *Lim- osa limosa* í samvinnu við Jóhann Óla Hilm- arsson og Einar Þorleifsson. Athuganir fóru fram víða um land á tímabilinu 27. maí til 13. júní, þó einkum á Suðurlandi. Komin er út skýrsla er segir frá niðurstöðum þessarar vinnu. Tilgangur fararinnar var að kynnst varpháttum slenskra jaðrankana, sem eru taldir til sérstakrar deilitegundar *L. l. islandica*. Með öflun upplýsinga um varpstaði, búsvæða- val og varpþéttleika þeirra stóðu vonir til að bæta þekkingu á varpháttum og stofnstærð. Takmörkuð vitneskja lá fyrir um farkerfi og vetrarstöðvar íslenskra jaðrankana. Með stærð- armælingum á slenskum varpfuglum og lit- merkingum var reynt að bæta úr því.

Hollendingarnir fundu alls 44 jaðrankana- hreiður og vel gekk að veiða fugla á hreiðrum. Alls náðust 37 varpfuglar á hreiðrum sínum, sem er stórkostlegur árangur því mjög erfitt er að finna hreiður þessarar tegundar. Mikil- vægra nýrra upplýsinga var aflað um tíma- setningu varps og stærðardreifingu slenskra jaðrankana. Varpþéttleiki var kannaður með talningum á sniðum, bæði á áður ókönnuðum stöðum og einnig þar sem þéttleiki hafði verið mældur áður. Þéttleiki reyndist víðast í till, nema hvað við Kaldaðarnes í Flóa og í Skóg- um í Skagafirði var varpþéttleiki hár. Fróðleg gögn fengust um búsvæðaval og sambýli jaðrankana við aðrar tegundir. Spói *Numenius phaeopus* varp t.d. í 80% tilfella innan 100 m frá jaðrankanahreiðri.

Litmerkingar gáfu góða raun. Í maí 1995 höfðu átta litmerktir fuglar sést erlendis. Þar með hafði erlendum endurheimtum jaðrankana fjölgað úr sjó í fimmtán frá upphafi merkinga. Í skýrslunni er gerð grein fyrir tiltækum gögn- um er varða far og dreifingu slenskra jaðra- kana. Margt er enn óljóst, en ein endurheimt-

an og nýjar athuganir í Portúgal benda til að talsverður hluti stofnsins hafi vetursetu sunnar en áður var talið.

Skýrslan er fróðleg aflestrar, en margt hefði betur mátt fara í framsetningu. Mýmargar villur eru í enska textanum svo ekki sé talað um slensk örnefni. Þeir sem þýddu útdráttinn á íslensku hefðu gjarna mátt prófarkalesa megintextann í ka. Ég ætla ekki að fara út í upptalningu á villum, en misfellingar eins og dalgjúpa *Lagopus lagopus* í lista yfir séða fugla á Íslandi hefði mátt forðast. Töflur og framsetning á gögnum er á köflum heldur flautursleg. Sé horft framhjá þessum agnám þá er ritið mjög gagnlegt og eiginlegt, því þar eru birtar nýjar niðurstöður um varphætti jaðrakana á Íslandi auk samantektar á brota-kenndum gögnum um farkerfi þessa stofis.

Guðmundur A. Guðmundsson.

Bird Identification - a reference guide

(Fuglagreiningar - Heimildalisti).

Höfundar: Kristian Adolfsson og Stefan Cherrug.

Útgefandi: Tímaritið Anser (supplement 37).

Dreifing: SkOF, Ekologihuset, S-223 62 Lund, Sverige.

Brot: 170x235 mm, 379 bls.

Verð: 280 sænskar krónur (um 2800 Ikr).

Skánska fuglafræðifélagið gefur út tímaritið *Anser* og því fylgja stundum athyglisverð fylgirit. Skemmst er að minnast fylgirits númer 28, sem innihélt heiti á 832 evrópskum fuglategundum á 15 tungumálum, þar á meðal á slensku. Enn á ný kemur fylgirit, nú númer 37, sem inniheldur 1180 heimildir eða tilvísanir í ljósmyndir og tímaritsgreinar sem fjalla um hvernig þekkja á eða greina skal sundur allar fuglategundir sem sést hafa í Evrópu, Vestur-Asíu og Norður-Afríku. Höfundarnir skoðuðu 66 tímarit frá árunum 1977-1994, alls um 300.000 blaðsíður. Ekki hafa þeir gleymt *Blika*, og er hans getið á baksiðu ásamt

30 helstu tímaritum á þessu sviði! Gætir það nokkurrar furðu, þar sem greinar um fuglagreiningar hafa verið næsta fáar í því riti. Það eru aðallega ljósmyndirnar í *Blika* (þar á meðal myndir af hvítungjum og kynblendingum) og greinar um nýjar tegundir hér á landi sem virðast hafa vakið athygli höfunda.

Fjöldi heimilda um einstakar tegundir er afar breytilegur, allt frá einni upp í á annað hundrad. Til dæmis er einungis getið jögurra heimilda um hávellu, enda auðgreinanleg tegund og því lítið verið skrifað um hana. Hins vegar er getið um 110 heimildir um bjartmáf, þar af eru tilvísanir í jölmargar ljósmyndir. Eins og eðlilegt má teljast eru yfirleitt færri heimildir um auðgreindar og algengar tegundir en þær torgreindari. Þetta á þó sérstaklega við um ljósmyndir. Engar myndir eru í bókinni sjálfri, nema teikningar öðru hvoru til að brjóta upp textann.

Bók eins og þessi er sennilega gagnlegust fyrir greinarhöfunda sem ætla sér að fjalla um torgreindar tegundir. En bókin ein nægir ekki, menn þurfa að hafa aðgang að tímaritunum sem vísað er í. Þar er bókasafn Náttúrufræðistofnunar ómetanlegt, enda eru flest tímaritin til þar. Fuglaskoðarar geta einnig haft mikið gagn af bókinni og sparað umtalsverðan tíma við að leita að ljósmyndum eða greinum um einstakar tegundir.

Ekkert rit er fullkomið og talvert ber á villum í bókinni, a.m.k. þegar *Bliki* á í hlut, og á það sjálfsagt einnig við um tilvísanir í önnur rit. Íslensk greinaheiti eru oft á tíðum brengluð og séríslensku stafirnir misritaðir. Höfundarnir hafa stundum verið nokkuð fljótferir í heimildakönnuninni, t.d. er myndin á bls. 24 í *Blika* 12 sögð vera af kynblendingi æðarfugls og gleraugnaæðar, en ekki æðarfugls og æðarkóns. Jafnvel greinin um ameríska smyrilinn í sama hefti, er talin vera um allt aðra tegund, skúðfálka *Falco sparverius*. Villur sem þessar valda sennilega ekki verulegum vandræðum, enda komast notendur fljótt að hinu sanna þegar þeir líta í viðkomandi grein.

Gunnlaugur Pétursson.



CONTENTS

Ólafur K. Nielsen:

Dispersal and survival of Merlin <i>Falco columbarius</i> in Northern Iceland	1
--	----------

Gunnlaugur Pétursson:

Cedar Waxwing in Iceland: new to the Western Palearctic	7
--	----------

Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson:

Rare birds in Iceland in 1994	11
--	-----------

Arnþór Garðarsson:

Numbers and distribution of Common Murre <i>Uria aalge</i>, Thick-billed Murre <i>U. lomvia</i> and Razorbill <i>Alca torda</i> in Iceland	47
---	-----------

The Icelandic Bird Ringing Scheme 1994	66
---	-----------

Miscellaneous	67
----------------------------	-----------

Mystery photograph	70
---------------------------------	-----------

Book reviews	70
---------------------------	-----------



EFNI

Ólafur K. Nielsen:	
Um lífshætti smyrils	1
Gunnlaugur Pétursson:	
Sedrustoppa á Íslandi	7
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson:	
Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994	11
Arnbór Garðarsson:	
Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum	47
Fuglaráðstefna Líffræðifélags Íslands í nóvember 1992	46
Fuglamerkingar á Íslandi 1994	66
Minnugir tjaldar	67
Frá Fuglaverndarfélagi Íslands	67
Flokkun fuglategunda	69
Fuglagáta	70
Ritfregnir	70